

Er þetta ekki allt í trúnaði?

Að sprengja tabú í leikhúsinu.

Ritgerð til BA gráðu

Nemandi: Ester Magnúsdóttir

Leiðbeinandi: Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir

Haustönn - 2024







HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Staðfesting lokaverkefnis til BA gráðu í skapandi greinum

Titill verkefnis: **Er þetta ekki allt í trúnaði?**

Nemandi: Ester Magnúsdóttir

Kt.: 170181-5739

Verkefnið hefur verið metið samkvæmt settum reglum og kröfum Háskólans á Bifröst og hefur hlotið einkunnina:

Einkunn

Háskólinn á Bifröst



Er þetta ekki allt í trúnaði?

Hvaða áhrif hafa sjálfsævisögulegar frásagnir sem fjalla um tabú samfélagsins, á leikhúsgesti?

Félagsvísindadeild

Háskólinn á Bifröst 2024

Ritgerðina má ekki afrita á nokkurn hátt án leyfis höfundar.

© Ester Magnúsdóttir

Útdráttur

Leikhúsið gegnir fjölbreyttum hlutverkum, það er staður fyrir listræna tjáningu og er mikilvægur þáttur í menningarlífi samfélags. Að fara í leikhús er góð skemmtun, en það getur jafnframt verið fræðandi, hreyft við djúpstæðum tilfinningum, orðið til hugarfarsbreytinga og jafnvel haft lækningamátt fyrir sálina í ákveðnum tilvikum.

Þessi rannsókn beinist að áhrifum sjálfsævisögulegra leikverka sem taka á flóknum málefnum og tabúum innan samfélagsins, á áhorfendur. Markmiðið var að varpa ljósi á hvernig nýta má listina og leikhúsið til góðra verka og sem vettvangur fyrir umræður um samfélagsleg málefni. Um er að ræða eigindlega tilviksrannsókn sem byggir á þemagreiningu viðtala við aðstandendur sýninganna *Vertu úlfur* og *Saknaðarilmur*, sem hafa verið til sýninga á fjöllum Þjóðleikhússins. Auk þess var framkvæmd orðræðugreining á umsögnum áhorfenda umræddra sýninga, sem nálgast má á samfélagsmiðlum.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að leikverk sem byggja á persónulegum frásögnum af erfiðri reynslu, geti ekki aðeins hvatt til umræðna, heldur einnig örvað viðtakendur til sjálfsskoðunar og stuðlað að aukinni samkennd. Leiklistin geti virkjað tilfinningaleg viðbrögð áhorfenda, hvatt til umburðarlyndis sem svo getur leitt til breyttra viðhorfa. Leikhúsið hefur þannig tækifæri til þess að vera hreyfiafl í samfélaginu þegar kemur að meðhöndlun mikilvægra málefna.

Abstract

The theater is an integral part of societal culture, shaping narratives and influencing societal changes. A visit to the theater is an enjoyable experience, yet it can also be informative, stirring profound reactions and potentially healing for the soul.

This research focuses on the impact of autobiographical plays that address complex issues and taboos within society on their audiences. The aim was to shed light on how art and theater can be utilized for positive purposes and serve as a platform for discussions on social issues. The study is a qualitative case study based on thematic analysis of interviews with the creators of the plays *Vertu úlfur* and *Saknaðarilmur*, which have been performed on the stages of the National Theatre. Additionally, a discourse analysis was conducted on audience reviews of these plays found on social media.

The findings of the research suggest that plays based on personal narratives of difficult experiences can not only encourage discussions but also prompt self-reflection among audiences and foster greater empathy. Theater has the capacity to evoke emotional responses and inspire tolerance, which can lead to changes in attitudes. Thus, theater holds the potential to serve as a driving force in society when addressing important issues.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-prófs í skapandi greinum við félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst. Rannsóknin er 14 ECTS eininga tilviksrannsókn um áhrif leikverka sem byggja á sjálfsævisögulegum frásögnum, á leikhús áhorfendur.

Ég vil þakka leiðbeinanda mínum, Dr. Sigrúnu Lilju Einarsdóttur fyrir góða leiðsögn og hvetjandi samskipti í þessari vinnu. Einnig fær hún þakkir fyrir skemmtilega og mannlega kennslu í öðrum áföngum sem ég hef setið hjá henni í gegnum námið, en sú þekking sem hún miðlaði svo vel gerði allt ferlið áhugaverðara fyrir vikið.

Samstarfskonu minni, Hörpu Rún Kristjánsdóttur vil ég þakka fyrir óþrjótandi þolinmæði, gagnlegar leiðbeiningar, yfirlstur og hvatningu. Ég er ævinlega þakklát fyrir Guðnýju Gígju Skjaldardóttir og Sigrúnu Guðmundsdóttir, samnemendur mína og þjáningasystur, en þær voru mikilvægur stuðningshópur í þessari vinnu. Einnig vil ég þakka fjölskyldu minni og kærur vinur sem væri þó of langt mál að telja upp hér, en stuðningur og hvatning barst úr mörgum áttum.

Að lokum vil ég þakka viðmælendum mínum þeim Unni Ösp Stefánsdóttur og Birni Thors fyrir að gefa sér tíma fyrir viðtölin, fyrir að leyfa mér að nýta þau í þessa rannsókn og fyrir velvilja og vinsemd í minn garð. Að ógleymsdu þakkir fyrir þeirra mikilvæga framlag til lista- og menningarlífsins á Íslandi.

Án skapandi greina væri lífið litlaust!

Reykjavík, 1. desember 2024.

Ester Magnúsdóttir

Ester Magnúsdóttir

EFNISYFIRLIT

Útdráttur.....	5
Abstract.....	6
Formáli.....	7
1. INNGANGUR.....	9
2. FRÆÐAKAFLI	12
2.1. Hugræn fræði og viðtökufræði	12
2.2. Aðlögunarfræði.....	14
2.3. Helstu kenningar.....	15
3. AÐLÖGUÐ VERK	17
3.1. Vertu úlfur.....	17
3.2. Saknaðarilmur.....	18
4. AÐFERÐAFRÆÐI	19
4.1. Viðtöl og framkvæmd.....	19
4.2. Orðræðugreining.....	20
5. NIÐURSTÖÐUR	21
5.1. Áherslur	22
5.2. Aðlögunarferlið.....	25
5.3. Mikilvægi boðskapar	31
5.4. Viðbrögð áhorfenda – Niðurstöður orðræðugreiningar	33
6. UMRÆÐUR.....	36
7. HEIMILDASKRÁ	40

1. INNGANGUR

Innan skapandi greina eiga bókmenntir og leiklist stóra sneið af menningargeiranum, en þar eins og á mörgum öðrum sviðum lista hefur verið talsverð gróska á fyrstu áratugum 21. aldarinnar. Íslensk bókaútgáfa er fjölbreytt þrátt fyrir smáan markað og leikhúsin hafa verið virk bæði í nýsköpun og klassískum verkum. Þessar listgreinar skipa mikilvægan sess í íslensku menningarlífi og fyrir kemur að leiðir þeirra liggi saman innan veggja leikhúsanna.

Eitt af lykilverkum þegar kemur að greiningu bókmennta og upplifunar í leikhúsi er *Um skáldskaparlistina* eftir Aristóteles. Kristján Árnason, þýðandi íslensku útgáfunnar segir í inngangi bókarinnar að skáldskapurinn sé mikilvæg framleiðslugrein og varanleiki og sjálfstæð tilvera skáldverka sé verðmæt afurð hverju samfélagi. Kristján talar einnig um að í okkar þjóðfélagi sé skáldskapur mikils metinn, en kastar jafnframt fram spurningu um í hverju gildi hans sé fölginn og hvort skáldskapur geti á einhvern hátt verið fræðandi og siðbætandi og þar af leiðandi nytsamlegur fyrir heilbrigði þjóðar (*Um skáldskaparlistina*, 1997, bls. 14-18). Höfundar geta með verkum sínum skemmt og sagt sögur, en í listgreininni búa einnig tækifæri til að fræða og opna umræður.

Skáldskaparlist virðist sem sagt geta verið vopn eða tæki til að hafa áhrif á umhverfið og vekja ákveðnar tilfinningar eða hugarfar, hrifningu eða gremju, en einnig getur hún komið á framfæri þekkingu og uppfrætt menn, jafnt með því að gefa þeim nýtileg heilræði eða boða þeim æðstu sannindi (*Um skáldskaparlistina*, 1997, bls. 18).

Ýmsa flokka menningar og lista hefur í gegnum tíðina verið talað um sem „spegil samfélagsins“, þar á meðal eru leikhúsin. Í þessari rannsókn er sjónum beint að leiklistinni, eða nánar tiltekið að leikverkum sem byggja á persónulegum frásögnum um viðkvæm málefni og merkingu þeirra fyrir áhorfendur. Margir telja að leikhúsið endurspeglir þjóðarsálina og í raun samfélagið í heild. Er því nokkuð úr vegi að setja þar á svið, verk sem fjalla um mannlegar raunir einstaklinga sem tilheyra samfélagi?

Í þessu verkefni verða tvær aðlaganir sjálfsævisögulegra ritverka yfir á leiksvið skoðaðar og leitast við að svara rannsóknarspurningunni: *Hvaða áhrif hafa sjálfsævisögulegar frásagnir sem fjalla um tabú samfélagsins, á leikhúsgesti?* Í spurningunni felast jafnframt vangaveltur um hvort og þá hvernig listin getur orðið að gagni við að takast á við erfiðleika og/eða draga úr fordómum. Við rannsóknina voru leikverkin *Vertu úlfur* og *Saknaðarilmur* sem sett voru upp í Þjóðleikhúsinu, höfð til skoðunar. Rannsóknin byggir á viðtölum við aðstandendur sýninganna og viðbrögðum áhorfenda. Rannsóknin byggir ekki á höfundaætlan en til að komast nær svörum við rannsóknarspurningunni þótti rannsakanda mikilvægt að hafa ætlan höfundar til hliðsjónar.

Flest leitum við leiða til að líða vel og prófum okkur áfram með aðferðir til þess, hvort heldur sem er með eigin aðferðum eða með aðstoð eða aðkomu annarra. Okkur er einnig annt um heilbrigði samfélagsins sem við erum hluti af, því það hefur samlegðaráhrif á líðan okkar sem þegna þess. Reynslusögur fólks sem upplifað hefur áföll og erfiðleika hafa lengi vakið áhuga rannsakanda og síðustu ár einnig hlutverk og tækifæri leikhússins þegar kemur að samfélagslegum málefnum. Í gegnum námið við Háskólann á Bifröst hefur rannsakandi gert fleiri verkefni sem fjalla um uppsetningu leikhúsa á viðkvæmum persónulegum frásögnum og er þessi rannsókn hliðarafurð (e. Spin off) sem sprettur út frá þeim gögnum sem söfnuðust í þeirri vinnu.

Það hefur lengi tíðkast að bókmenntir af ýmsu tagi séu aðlagðar yfir á aðra miðla eða listform, oftast en ekki yfir í kvikmyndir eða sjónvarpsefni, en einnig á leiksviðið. Í upphafi 21. aldarinnar hefur verið meira áberandi en áður var, að rithöfundar gefi út bækur sem eru eins konar sjálfsævisögulegar frásagnir úr eigin lífi. Bækurnar fjalla gjarnan um afmarkaða persónulega og erfiða reynslu, eða höfundar nýta þá reynslu sína til að byggja skáldverk á. Í mörgum tilfellum er upphaflegur tilgangur þessara rithöfunda hluti af uppgjöri og ferli sem snýr að úrvinnslu erfiðrar lífeyrnslu og flókinna tilfinninga. En það að skrifa sig frá erfiðleikum og áföllum er almennt þekkt og viðurkennd aðferð sem sálfræðingar og aðrir meðferðaraðilar mæla gjarnan með. Bókin *Vertu úlfur* eftir Héðinn Unnsteinsson er ein slíkra bóka og ekki þarf að leita lengra en í *Goodreads* gagnabankann til að sjá viðbrögð lesenda við lestri hennar. En *Goodreads* er vefsíða eða eins konar samfélagsmiðill bókaunnenda sem fyrirtækið Amazon heldur úti, þar sem meðal annars er hægt að skrá og lesa umsagnir um all flestar útgefnar bækur (*Goodreads*, e.d.). Í þeim umsögnum sem koma þar fram um bókina *Vertu úlfur* má greina að lesendur telji að mikinn lærdóm megi draga af sögunni og að hún eigi sannarlega erindi við alla. Á heimasíðunni hedinn.org sem Héðinn sjálfur heldur úti má einnig lesa umsagnir um bókina hans, sem bera þess greinileg merki að hún hafi hreyft verulega við fólki (*Vertu úlfur - Umsagnir*, e.d.).

Það eru þó ekki allir hneigðir til bóklesturs og jafnvel þó svo sé er bókaútgáfa mikill frumskógur og engin leið að allir titlar rati í hendur lesenda. Með aðlögun yfir á aðra miðla höfum við tækifæri til að gefa sögum framhaldslíf eða í það minnsta annað líf og jafnvel náð til fjölbreyttari hópa. Bækur segja sögur og lestur þeirra getur verið mjög áhrifaríkur, en leikhúsið hefur aðra eiginleika til að koma sögum á framfæri. Leikari á sviði getur myndað beint samtal við áhorfendur og nýtt sjónræn og hljóðræn áhrif til að tjá og dýpka upplifun áhorfenda á söguheiminum, á meðan lestur bóka er bundnari við línulega frásögn sem færir lesendur frá einum stað til annars innan eigin huga. Þegar um er að ræða marga atburði sem ná oft yfir lengri tímabil, jafnvel heila ævi og flóknar tilfinningar þeim tengdum eins og oft er reyndin í sjálfsævisögulegum frásögnum, hefur leikhúsið marga eiginleika til að miðla lifandi sögu og setja

innihald hennar í samhengi á áhrifaríkan hátt. Svo ekki sé minnst á að leikhús er félagsleg reynsla þar sem áhorfendur upplifa sýningu sem hluti af samfélagi, sem gerir viðtökur áhrifaríkari.

En hvað kemur okkur lífsreynsla, sorg og áföll annarra við og hvaða erindi eiga svo persónulegar sögur fólks til almennings?

Með því að vekja athygli á erfiðum og viðkvæmum málefnum sem gjarnan eru tabú í samfélaginu, jafnvel vanræktir málaflókkar af hálfu kerfisins, má með bókum eða leikverkum opna umræður, auka skilning og hugsanlega draga úr fordómum. Þessar sögur eru ekki eingöngu hluti af bataferli þeirra einstaklinga sem þær skrifa heldur geta einnig hjálpað öðrum sem upplifað hafa svipuð áföll, breytt viðhorfum annarra og í besta falli einnig orðið til þarfra stefnu- eða lagabreytinga í samfélaginu.

Leikhús hefur allt frá tímum grísku harm- og gleðileikjanna verið nýtt sem boðberi skilaboða og til uppfræðslu og áhrifa á annað fólk. Á mörgum tímabilum heimssögunnar hafa leikhús og leikritun einnig sett fram samfélagsádeilu í mótmælaskyni við stjórnvöld og hvers kyns misrétti. Byltingaleikhús varð til að mynda mjög áberandi eftir lok fyrri heimstyrjaldar þar sem listamenn beittu sér fyrir lýðræði og réttlátara stjórnarfari og eftir seinni heimstyrjöldina urðu listamenn áberandi róttækari með verkum sínum í mótmælaskyni gegn pólitískum öflum og óréttlæti (Trausti Ólafsson, 2013). Í upphafi 21. aldar varð mikil vakning í umræðu um samfélagsábyrgð og oftar en ekki hefur þessi orðræða snúist um ábyrgð fyrirtækja á að framleiðsla þeirra og rekstur sé á engan hátt skaðlegur umhverfinu eða hagsmunum haghafa (e. Stakeholders) (Henry Alexander Henrysson, 2021). En í heimspekilegu samhengi eiga orðin „samfélag“ og „ábyrgð“ lengri sögu og fela í einfölduðu máli í sér vitund og siðferðilegar skyldur samfélagsþegna (Durkheim, 1982).

Listin hefur eins og áður segir verið vettvangur til að koma skilaboðum á framfæri og setja mál á dagskrá. Er þá nokkuð úr vegi að nýta kraftmikinn miðil eins og leikhúsið til að beina athygli að samfélagslegum málefnum, opna umræðu og þannig stuðla að jákvæðum breytingum innan samfélagsins?

2. FRÆÐAKAFLI

Í þessum kafla verður varpað ljósi á þau fræði sem liggja til grundvallar rannsóknarefninu og fjallað um þær kenningar sem horft var til við framkvæmd rannsóknarinnar. Rýnt verður í skrif fræðimanna á sviði hugrænna fræða og aðlögunarfræða.

2.1. Hugræn fræði og viðtökufræði

Hugræn fræði eru þverfagleg fræði og innan þeirra eru hugræn skáldskaparfræði sem tengjast í senn bókmenntafræðum og sálfræði. Fræðin skoða hvernig skynjun fólks, tungumál, minni, samfélagslegar aðstæður og reynsla hvers og eins tengjast hvert öðru (Jahn, 2010, bls. 67). Í tengslum við viðfangsefni ritgerðarinnar er vert að rýna í þann hluta hugrænna skáldskaparfræða sem fjalla meðal annars um af hverju okkur líður á einhvern ákveðinn hátt þegar við ýmist lesum eða upplifum eitthvað listaverk. Ein af mikilvægustu kenningum hugrænna fræða er blöndunarkenningin sem kennd er við fræðimennina Gilles Fauconnier og Mark Turner sem þekktir eru fyrir framlag sitt tengt málvísindum innan hugrænna fræða. Blöndunarkenningin fjallar um hvernig mannshugurinn er fær um að blanda saman mismunandi upplýsingum og skapa úr þeim nýja mynd. Með öðrum orðum, skiptingu mannshugans í mismunandi *hugrúm* sem hvert um sig geyma mismunandi upplýsingar. Hvert þessara *hugrúma* innihalda svo mismunandi *ilagsrúm* og *skipulagsramma*, sem hvert um sig leggur eitthvað, þó mismikið, til blöndunarinnar. Í mjög einfölduðu máli, ef við tökum sem dæmi sögu sem upprunalega kom út í bókarformi og er aðlöguð yfir í leikverk. Lesandi sem þekkir bókina og þekkir einnig hin „hráefnin“, það er að segja þekkir hugmyndina um leikara og leikhús. Sá hinn sami fer svo að sjá aðlagð leikverk og fer þá hugur hans að blanda saman áður þekktum stærðum, en er samt að upplifa nýjar tilfinningar. Við lestur verður hugurinn að leggja til öll hráefnin sjálfur, skapa táknmyndir úr táknmiðum og túlka orð og lýsingar á ákveðinn hátt. Þegar ritverk verður að leikverki taka leikarar, leikstjóri og aðrir aðstandendur sýningarinnar sér vald *ilagsrúms* og gefa ákveðnum hlutum merkingu, t.d. með vali á ákveðnum leikmun fremur en öðrum. Sá leikmunur getur síðan tengst öðru *ilagsrúmi* eða *skipulagsramma* í huga áhorfanda og haft þannig áhrif á blöndunina (Fauconnier og Turner, 2003, bls. 39–58). Dæmi um þetta getur verið bókverk þar sem minnst er á „kjól“ og í leikverki er kjólinn á sviðinu úr tilteknu efni með ákveðnu sniði og í ákveðnum lit. Allt framantalið á sér ákveðna merkingu í huga áhorfanda, en með því að tengja þessar upplýsingar saman í blöndunarrými (e. blended space) þar sem *ilagsrúm* og *skipulagsrammi* renna saman, verður til ný og ríkari merking sem er háð bæði því sem áhorfandinn sér á sviðinu og þeirri reynslu og þekkingu sem hann hafði fyrir.

Hugræn skáldskaparfræði eru víðtæk og svið þeirra liggur til að mynda í lesnum textum, kvikmyndum og leikhúsi. Þessi fræði er vert að skoða í samhengi við persónusköpun, túlkun og menningarlegt umhverfi í aðlögunarferli raunsannra frásagna á leiksvið.

Í samhengi við efnistökin er einnig mikilvægt að hafa viðtökufræðina til hliðsjónar, en umfjöllunarefni hennar er til að mynda greining bókmenntatexta út frá viðtakanda, það er lesanda eða áhorfanda. Viðtakandi getur sjálfur haft mikil áhrif á merkingu texta eða flutning hans í þessu tilfelli og samkvæmt kenningum ætti höfundur ekki að ganga að neinu gefnu varðandi túlkun, heldur skilja eftir ákveðnar eyður fyrir viðtakanda að fylla inn í. Hans Robert Jauss var þýskur bókmenntafræðingur og er þekktur fyrir kenningar sínar í viðtökufræðum. Í grein hans *Literary History as a Challenge to Literary Theory* sem birtist í tímaritinu *New Literary History* og er oft álitin eitt af grundvallarritum viðtökufræðanna, fjallar hann um mikilvægi þess að viðurkenna og skilja hlutverk lesandans sem virkan þátttakanda í sköpun merkingar í bókmenntum. Þar segir að viðtökur séu ekki aðeins álit eða endurgjöf, heldur gagnvirkt ferli þar sem lesendur og verk hafa áhrif hvort á annað. Merking efnisins er því túlkuð á forsendum viðtakanda og þar getur reynsla hans og þekking, jafnt og menningarlegar aðstæður og samfélagsgildi þess tíma haft áhrif (Jauss & Benzinger, 1970). Þó skrif Jauss fjalli um lesendur bókmennta má heimfæra þau yfir á alla neytendur bókmennta hvort heldur sem eru ritverk, ljóðlist, kvæði, leikritun eða annað innan bókmennta.

Enn er horft til fornra fræða á mörgum sviðum og þar er skáldskaparfræðin ekki undanskilin, enda mannshugurinn, hugur viðtakandans, skapaður úr svipuðu efni í tímans rás. Finna má kenningar fræðimanna, jafnvel frá því á árunum fyrir krist, sem fjalla um skáldskaparlistina. Þar má meðal annars sjá kenningar þess efnis að skáldskapur geti verið verkfæri til þess að hafa áhrif á hugsanir og hugarfar fólks, til að vekja upp einhverjar ákveðnar tilfinningar, til þess að miðla þekkingu og fræða eða allt í senn. Í þekktu riti *Um skáldskaparlistina (De Arte Poetica* á frummálinu) fjallar forn-gríski heimspekingurinn Aristóteles um bókmenntafræði, nánar tiltekið um þá list er skáldskapur felur í sér. Hann er talinn hafa fyrstur manna sett fram hugmyndina um að skáldskapur sé til þess gerður að vekja ánægju og naut. Um leiklistina, sem jafnframt er talin upprunnin í Grikklandi, skrifaði Aristóteles þónokkuð, til að mynda um gríska gamanleikinn og harmleikinn. Í tengslum við efni ritgerðarinnar þykir ástæða til að skoða skrif hans um harmleikinn sérstaklega. Efnivið harmleikjanna sagði Aristóteles byggjast upp af nokkrum samvinnandi þáttum og þar sé sagan sjálf sá veigamesti. Sagan eða frásögnin er svo byggð á atburðarás sem felur í sér samspil enn annarra þátta, á borð við einhverjar flækjur, lausn þeirra, hvörf, kennsl og raunir sem saman myndar svo sögu um dygðir og bresti mannsins. Að vekja upp allt í senn sorg, reiði, ótta og samkennd sé tilgangur harmleikjanna og með þeim áhrifum sé ákveðin útrás (kaþarsis) fengin fyrir tilfinningar. Í slíkri útrás eða geðhreinsun sé ekki

einungis falin nautn, heldur sé hún einnig holl heilsu manna (*Um skáldskaparlistina*, 1997, bls. 18–20, 34–35).

Eitt af lykilatriðum hugrænna fræða er samkenndin, eða hæfileiki okkar til þess að finna til með öðru fólki. Í heilanum virkjast ákveðnar frumur sem vekja ákveðnar tilfinningar þegar við sjáum annað fólk í tilteknum aðstæðum, sem við annað hvort könnumst við eða vekja hjá okkur samúð, gleði, viðbjóð o.s.frv.. Sem manneskjur er okkur eðlislægt að hafa áhuga á fólki og ekki dregur úr forvitninni þegar um raunverulegt fólk er að ræða (Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, 2015, bls. 73–74, 156). Með tilkomu samfélagsmiðla og stöðugs streymis af sönnum frásögnum af raunverulegu fólki hefur aftenging okkar aukist í sí meira mæli. Þess vegna má ætla að geta okkar til þess að samsama okkur sögum í bókarformi eða á leiksviði verði sífellt háðari tengingu við raunveruleikann, raunverulegar persónur og fólk sem við þekkjum eða getum tengt við. Því erfiðari sem frásögnin er, því meiri samlíðan vekur hún.

2.2. Aðlögunarfræði

Bakgrunnur aðlögunarfræða er umfangsmikill og nær jafnvel aftur til fræðimanna á borð við Aristóteles og hans samtímamanna. Upphaflega voru fræðin tengd við trúmennsku og að sanna tilvist guð. En fræðin hafa þróast mikið og nú á tímum eru þau mun víðtækari, tengjast einnig öðrum fræðasviðum og snúast í megin atriðum um að þýða sögu frá einu formi yfir á annað.

Aðlögun er stór hluti af menningarsögunni og er hvor tveggja ferli og afurð. Með aðlögun er átt við það þegar að verk á einu listformi er yfirfært á annað listform og miðil. Það getur til dæmis átt við þegar skrifað er handrit af leikriti upp úr sögu sem upprunalega var skrifuð í bókarformi. Í þeim tilfellum er bæði hægt að umskrifa söguna fyrir leiksvið eða þá skapa verk sem byggir á efni sögunnar. Þegar um mismunandi form eða miðil er að ræða þarf alltaf að aðlaga efnið að hverjum miðli fyrir sig og eðli málsins samkvæmt er því ómögulegt að gera beina þýðingu á bók yfir í handrit leikverks. Hvert listform og hver miðill hefur sína eiginleika sem sníða þarf verkið að og til þess eru ýmsar leiðir, þrátt fyrir að nýtt verk byggji á grundvallaratriðum þess upprunalega (Hutcheon, 2013).

Í öllu falli er aðlögun mjög algeng og vinsæl leið, bæði í listrænum og fjárhagslegum tilgangi. Þetta er skapandi ferli og leið til að umbreyta og endurtúlka fyrirbyggjandi verk í ólík form. Hér er verið að gefa listaverkum nýtt líf í öðrum búningi, en þannig er hægt að nýta grunn sem til er og búa til nýja afurð. Í þessu felst bæði fjárhagslegur ávinningur og minni áhætta þar sem unnið er með efni sem þegar er þekkt og hefur jafnvel náð vinsældum. Sköpunarkraftur og meðhöndlun efnisins í höndum þess sem aðlagar hefur allt að segja um útkomuna og þær viðtökur sem aðlagð verk hlýtur (Hutcheon, 2013).

Ritaður texti til að mynda í útgefni bók, stendur ekki einn og sér, heldur verður innihald hans alltaf samspil lesanda og höfundar. Sú mynd sem höfundur sér fyrir þegar textinn er skrifaður er aldrei nákvæmlega sú sama og lesandi myndar, getur jafnvel verið búsna ólík. Frásögn í rituðum texta er annars eðlis en frásögn flutt af leikara á leiksviði, því miðlarnir eru ólíkir og því þarf nálgunin að vera önnur. Hvoru tveggja þessara frásagnaforma geta verið mjög áhrifarík, en eigi að setja ritverk á svið þarf að aðlaga það að kostum og takmörkunum þess miðils (Oatley, 2012).

Ýmsar kenningar liggja að baki aðlögunarfræðum (e. Adaption Theory) sem áhugavert er að skoða í tengslum við aðlögun bóka að leiksviði. Í samhengi við aðlögun viðkvæmra persónulegra frásagna er vert að skoða *höfundakenninguna*, sem fjallar um frelsi listamanns til að endurtúlka annarra verk og aðlaga efnið með sínu fingrafari. Kenningu um *sérstæðu miðils* sem fjallar um mismunandi styrkleika hvers miðils fyrir sig og að lokum *viðtökukenninguna* sem fjallar um hlutverk áhorfenda og það sem getur haft áhrif á skynjun þeirra og túlkun.

2.3. Helstu kenningar

Viðtökukenningin (Reception Theory)

Viðtökukenningin fjallar um hlutverk áhorfenda og það sem getur haft áhrif á skynjun þeirra og túlkun. Áhorfendur þekkja gætu jafnvel þekkt frumverkið og borið það saman við aðlögunina. Þeir eru ekki eingöngu viðtakendur, heldur á sköpunin sér stað í vitund þeirra. Upplifun getur verið mjög ólík og er gjarnan háð persónulegri reynslu áhorfenda, ólíkum menningarheimum eða mismunandi tímaskeiðum (Hutcheon, 2013). Þjóðverjinn og fræðimaðurinn Hans Robert Jauss er einn þeirra sem þekktur er fyrir kenningar um viðtökur sem beinast í megin atriðum að lesandanum, frekar en höfundi eða texta. Hann segir að viðtökur séu ekki aðeins endurgjöf eða álit, heldur sé túlkunin gagnvirkt ferli sem stýrist ekki eingöngu af afurðinni heldur sé samspil margra þátta í umhverfi hvers og eins. Þessir þættir hafa áhrif á væntingar og viðtökur, og til að skýra þetta nánar þróaði Jauss hugtakið „sjóndeildahringur væntinga“ til að lýsa því hvernig áður útgefið efni, menningarleg gildi og persónuleg reynsla lesanda mótar væntingar hans til nýrra verka (Jauss & Benzinger, 1970).

Í þessu samhengi er vert að hafa til hliðsjónar kenningu Roland Barthes sem kölluð er „dauði höfundarins“, þar sem Barthes heldur því fram að merking texta ráðist ekki af ætlan höfundarins heldur af lesandanum og textanum sjálfum. Í þeim skilningi er kenningin um „dauða“ höfundarins falin, þar sem hans ætlan skiptir í raun ekki máli fyrir merkingu verksins (Barthes, 1977).

Sérstæða miðils (The medium-specific approach)

Hver og einn miðill, hvort heldur sem er ritverk, sjónvarpsefni, leikverk eða annað, hefur sína sérstöku eiginleika sem hafa áhrif á það hvernig hægt er að koma sögum á framfæri. Á meðan texti á rituðu formi krefst ímyndunarafis lesanda til að skapa sögusvið og persónur út frá tungumálinu þá getur kvikmynd eða leikverk einnig nýtt sjón- og hljóðræna táknfræði til áhrifa. Í aðlögun getur góð þekking og skilningur á miðlinum sem unnið er með, leitt til dýpri og áhrifaríkari útkomu þess sem aðlagð er. Umfram allt þarf að taka mið af því hvernig nýta má sem best eiginleika hvers miðils fyrir sig (Hutcheon, 2013).

Höfundakenningin (Auteur Theory)

Kenningin snýst um að áhersla færist frá upprunalegum höfundi til leikstjóra, eða þess sem aðlagar efnið með sínu fingrafari að nýjum miðli. Hér er talað um frelsi leikstjóra sem listamanns til að endurtúlka, en ekki vera eingöngu þýðandi. Þetta er líklega sú kenning í aðlögunarfræðum sem hlotið hefur hvað mesta gagnrýni og tengist að hluta annarri kenningu sem nefnist *tryggðargagnrýni*. En það er það sem talað er um þegar mat er lagt á tryggð aðlögunarinnar við frumtextann. Handritshöfundar kvikmynda eða leikverka og leikstjórar setja óhjákvæmilega eigið fingarafar á verkið sem aðlaga er að nýjum miðli, því hver miðill hefur sína eiginleika og ógerlegt er að skapa verk með beinni þýðingu. Eins hafa fræðimenn og gagnrýnendur bent á að kvikmyndagerð og leikverk séu samvinnuverkefni sem fela í sér framlag fjölda fólks, ólíkt höfundum bóka og megi því ekki tengja útkomuna eingöngu við leikstjóra eða handritshöfund (McFarlane, 2001).

Í tengslum við ofangreindar kenningar er einnig vert að minnast á kenningu sem nefnist *afbygging* eða *niðurrif* (e. Post-Structuralism and Deconstruction) og kennd er við Jacques Derrida, sem var franskur heimspekingur á 20. öldinni. Derrida hafði áhrif á margar fræðigreinar, þar á meðal bókmenntafræðina. Hann hélt því fram að merking og túlkun texta væri ekki fastmótuð, heldur gæti afbakast og mótast af áhrifum orðanna sjálfra. Í megin dráttum felur kenningin í sér að greina þurfi ósamræmi og mótsagnir í merkingu texta. Derrida lagði áherslu á að flókið samspil merkingar, tungumáls og menningar gerði hverja túlkun, hvort sem er upprunalegs eða aðlagaðs verks, óhjákvæmilega að endursköpun sem er háð sínum eigin skilyrðum og samhengi (Derrida, 1997).

3. AÐLÖGUÐ VERK

Á árunum 2021-2024 vöktu tvö leikverk unnin upp úr sjálfsævisögulegum frásögnum töluverða athygli hér á landi. Þetta eru verk sem leikarinn og leikstjórinn Unnur Ösp Stefánsdóttir samdi leikgerðir upp úr. Annars vegar verkið *Vertu úlfur* unnið upp úr samnefndri bók Héðins Unnsteinssonar og hins vegar *Saknaðarilmur* sem unnið er upp úr bókum Elísabetar Jökulsdóttir *Saknaðarilmur* og *Aprílsólarkuldi*. Bæði þessi verk fjalla um áföll og erfiðleika raunverulegs fólks í samtímanum. Við erum forvitin dýrategund og í mannlegu eðli er þörfin til að tengja og geta speglað sig, sterk. Áhugi fólks á fólki, kannski sérstaklega þegar kemur að erfiðum og viðkvæmum málefnum, er mögulega meiri í fámennum samfélögum þar sem flestir þekkja einhvern sem þekkir einhvern. Smæð okkar samfélags skýrir hugsanlega hluta þeirra vinsælda sem fyrnefnd leikverk Unnar Aspar hafa hlotið.

Hér á eftir verður fjallað um verkin tvö, *Vertu úlfur* og *Saknaðarilmur*. Í báðum tilfellum er um að ræða einleiki og er Unnur Ösp auk þess að vera höfundur, jafnframt leikstjóri *Vertu úlfs* og leikkona í *Saknaðarilmi*. Unnur Ösp hafði samband við höfunda umræddra bóka, þau Héðinn Unnsteinsson og Elísabetu Jökulsdóttur sem eiga það sameiginlegt að hafa bæði verið að glíma við geðhvörf og hafa berskjaldað sig með því að gefa sögur sínar út í bókum. Eftir góð kynni og samtöl ávann Unnur Ösp sér traust bæði Héðins og Elísabetar til að fara af stað með þá vinnu að skrifa eigin verk sem byggja á hugmyndaheimi og í raun lífi þeirra.

3.1. Vertu úlfur

Árið 2015 gaf Héðinn Unnsteinsson út bókina *Vertu úlfur*, en þar fjallar hann af eigin reynslu um glímu sína við geðraskanir og geðheilbrigðiskerfið. Frá útgáfu bókarinnar höfðu margir sýnt því áhuga að leikgera verkið, sem varð að veruleika árið 2020 þegar Unnur Ösp Stefánsdóttir skrifaði leikgerð byggða á sögu Héðins. Í bókinni sem er sjálfsævisöguleg frásögn, lýsir Héðinn á einlægan hátt mjög persónulegum atburðum og erfiðleikum úr eigin lífi. Hér er um að ræða hans eigin upplifanir, sem hann sjálfur lýsir svo vel í viðtali við Hrafnhildi Hagalín, listrænan ráðunaut Þjóðleikhússins skömmu fyrir frumsýningu verksins. Þar segir Héðinn að mörkin á milli vanlíðunar, þjáningar og röskunar séu mjög óljós, en stöðugt sé verið að setja inn í tilbúna greiningar sem þó byggja á mjög veikum vísindalegum grunni (Leikhús hlaðvarpið, 2021). Héðinn hefur verið mikill frumkvöðull í geðheilbrigðismálum, flutt hundruði fyrirlestra og hefur starfað í um þrjátíu ár fyrir Landssamtökin Geðhjálp. Leikverkið *Vertu úlfur* var upphaflega ætlað að sýna í Kassanum en vegna Covid-19 og samkomutakmarkanna varð úr að verkið var sett upp á stóra sviði Þjóðleikhússins og var það frumsýnt 22. janúar 2021.

3.2. Saknaðarilmur

Rithöfundurinn Elísabet Jökulsdóttir gaf út bókina *Aprílsólarkuldi* árið 2020 og bókina *Saknaðarilmur* árið 2022. Bækurnar fjalla um áföll, sorg, söknuð og geðrænar áskoranir sem Elísabet byggir að mestu á eigin reynslu og upplifunum. Í fyrri bókinni *Aprílsólarkuldi* er lesendum boðið í ferðalag með Védísi, skólastúlku og einstæðri móðir sem fer meðal annars í gegnum föðurmissi. Þetta er saga af því sem gerist þegar áföll eiga sér stað, tengsl rofna og orð glata merkingu sinni. Þó Elísabet skrifi söguna sem þriðju persónu frásögn, er það þó reynsla hennar sjálfrar sem býr að baki. Bókin hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2020 (Jórunn Sigurðardóttir, 2021). Í bókinni *Saknaðarilmur* fjallar Elísabet einnig um missi, en þar segir frá fullorðinni dóttur sem missir móður sína. „Þegar fullorðin dóttir missir móður sína skríða áföllin upp úr gröfum sínum og veröldin fyllist af saknaðarilmi.“ (Elísabet Kristín Jökulsdóttir, 2022). Bókin er skrifuð í stuttum köflum sem eru eins konar minningarbrott eða örsögur sem gætu jafnan staðið einar og sér. Frásagnirnar flakka í tíma, ýmist fyrir eða eftir lát móðurinnar. Hér lýsir Elísabet samskiptum þeirra mæðgna frá sínum sjónarhóli, en þeirra samband var samband tveggja flókinna kvenna (Gréta Sigríður Einarsdóttir, 2022). Í bókinni er ekkert dregið undan og talar Elísabet opinskátt um þau áhrif sem fíkn hennar og geðhvarfasýki höfðu á hennar nánustu og voru jafnframt undanfari þess að hún missti forræðið yfir elsta syni sínum. Leikverkið *Saknaðarilmur* byggt á ofantöldum bókum Elísabetar, var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í febrúar 2024.

4. AÐFERÐAFRÆÐI

Í þessum kafla verður skýrt frá þeirri rannsóknaraðferð sem valin var við framkvæmd rannsóknarinnar. Ástæðu þess að sú aðferð var valin, skýrt nánar frá framkvæmd og hvernig úrvinnslu og greiningu gagna var háttað.

Eins og fram kom í inngangi er hér um að ræða svokallaða tilviksrannsókn (e. Case Study) og er sú aðferðafræði viðeigandi þegar ætlunin er að öðlast dýpri þekkingu um tiltekið viðfangsefni í ákveðnu samhengi. Tilviksrannsóknir tilheyra eigindlegri aðferðafræði og er algeng innan félagsvísinda. Kostir aðferðarinnar eru sveigjanleiki til að nýta margþætta nálgun í gagnasöfnun og veita rannsakendum ítarlegar upplýsingar um ákveðið viðfangsefni eða ferli. Gallar slíkrar rannsóknar eru að rannsakandi getur haft áhrif á túlkun sem getur leitt til hlutdrægni og oft er erfitt að alhæfa út frá niðurstöðum eða færa þær yfir á önnur tilvik (Kristín Björnsdóttir, 2022).

4.1. Viðtöl og framkvæmd

Í rannsókninni var notast við opin eigindleg viðtöl við aðstandendur sýninganna *Vertu úlfur* og *Saknaðarilmur*, þau Unni Ösp Stefánsdóttur og Björn Thors sem ýmist eru leikarar eða leikstjórar verkanna. Björn flytur einleikinn *Vertu úlfur* undir leikstjórn Unnar Aspar og svo snúast hlutverkin við í *Saknaðarilmi* þar sem Unnur Ösp leikur hlutverk sögupersónunnar og Björn leikstýrir. Viðtölin voru tekin í tengslum við önnur verkefni í janúar 2023 og í febrúar 2024 en hafa að geyma upplýsingar sem nýtast við þessa rannsókn. Viðtölin voru hálf opin viðtöl sem gefa viðmælanda kost á koma sínum skoðunum og sjónarhornum á framfæri. Viðbótarupplýsingar fengust frá Unni Ösp, höfundu leikverkanna með skriflegum svörum við aðsendum spurningum. Unnur Ösp hefur einnig farið í fjölmörg fjölmiðlaviðtöl og verið gestur í ýmsum hlaðvörpum í tengslum við umrædd verk. Þessi viðtöl eru aðgengileg almenningi á netinu og voru þær heimildir einnig nýttar við rannsóknina.

Öll ofangreind gögn voru lesin ítarlega yfir eða áheyrð eftir því hvert formið var og að lokum kóðuð og greind eftir þremur megin þeimum. Þemun ákvörðuðust með tilliti til rannsóknarspurningarinnar og voru eftirfarandi; *áherslur leikverkshöfundar*, *aðlögunarferlið* og *mikilvægi boðskapar*. Niðurstöður úr þemagreiningu setti rannsakandi í samhengi við fyrirliggjandi fræði til að fá dýpri innsýn að eiginlegri niðurstöðu.

4.2. Orðræðugreining

Orðræðugreining er eigindleg rannsóknaraðferð sem á uppruna í málvísindum og gjarnan er notuð innan félagsvísinda. Framkvæmd aðferðarinnar er þó aðeins breytileg eftir viðfangsefnum, en í meginatriðum snýst hún um að rýna í tungumálið og tjáningu þess sem það notar, í ákveðnu samhengi á ákveðnum tíma. Þegar fræðin á bak við orðræðugreiningu eru útlistuð er þó einnig talað um að erfitt sé að setja fram nákvæmar leiðbeiningar, heldur þurfi að skýra framkvæmd greiningar fyrir hvert tilvik fyrir sig (Kristín Björnsdóttir, 2022). Í þessari rannsókn var orðræðugreining notuð til að skoða viðtökur áhorfenda á sýningunum *Vertu úlfur* og *Saknaðarilmur*. Færslur áhorfenda á samfélagsmiðlunum *Facebook* og *Instagram* þar sem þeir tjá sig um framangreindar sýningar voru skoðaðar með þeim hætti að orðaval og framsetning færslna var kóðað til samræmis við eigindleg viðtöl við leikverkahöfund. Markmið greiningarinnar var að kanna hvort orðræðan í viðbrögðum áhorfenda endurspeglar þær tilfinningar og samfélagslegu áhrif sem verkunum var ætlað að hafa samkvæmt leikverkahöfundum og leikstjóra þeirra. Færslurnar voru kóðaðar annars vegar eftir þeim áhrifum sem sýningarnar höfðu á tilfinningar fólks gagnvart eigin líðan eða lífi, borið saman við áherslur leikverkahöfundar. Einnig var gerð greining á því hvernig eða hvort áhorfendur meðtöku ætlaðan boðskap efnisins, af hálfu leikverkahöfundar.

Í þessari rannsókn greindi rannsakandi 15 fyrstu færslurnar sem upp komu þegar leitað var á *Facebook* eftir leitarorðinu „Vertu úlfur“ undir flokknum „færslur“ eða „Posts“ sem og fyrstu 18 færslurnar sem upp komu með leitarorðinu „Saknaðarilmur“. Til viðbótar bættust við skjáskot af „story“ úr fyrr nefndum samfélagsmiðlum þar sem áhorfendur *Saknaðarilms* tjá sig um sýninguna. Þessi skjáskot sendi Unnur Ösp rannsakanda, en færslur á „story“ eru þess eðlis að þær eru ekki aðgengilega nema í sólahring frá birtingu og komu því ekki fram undir leitarskilyrðunum sem tilgreind eru hér að ofan. Við gagnaöflun eru færslurnar óhjákvæmilega persónugreinanlegar, en til að lágmarka áhrif persónulegra tenginga fylgdi nafn höfunda ekki með færslunum við úrvinnslu. Hér þarf einnig að hafa það í huga að einhverjar lýkur eru á að þeir sem tjá sig um sýningarnar á samfélagsmiðlum séu á einhvern hátt tengdir aðstandendum sýninganna eða leikhúsinu og því ekki hægt að alhæfa neitt út frá niðurstöðum.

5. Niðurstöður

Í þessum kafla verður farið yfir helstu niðurstöður rannsóknarinnar. Niðurstöður skiptast niður eftir þremur megin þeimum sem skilgreind voru í aðferðafræðikafla, með rannsóknarspurninguna að leiðarljósi. Höfundur verkanna sem um ræðir er Unnur Ösp Stefánsdóttir, leikkona, leikstjóri og höfundur. Unnur Ösp útskrifaðist úr leiklistardeild LHÍ árið 2002 og hefur síðan þá starfað við leikhús og kvikmyndir sem leikari, leikstjóri, framleiðandi og nýverið einnig sem höfundur. Hún hefur á ferli sínum hlotið fjölda leiklistarverðlauna, svo sem Grímuna og Edduverðlaun fyrir ýmist leik, leikstjórn eða handrit, svo eitthvað sé nefnt. Sýning Unnar Aspar *Vertu úlfur* í Þjóðleikhúsinu hlaut sjö Grímuverðlaun árið 2021 og sýningin *Saknaðarilmur* hlaut fern Grímuverðlun árið 2024. Unnur var einnig valin bæjarlistamaður Garðabæjar ásamt eiginmanni sínum Birni Thors, árið 2021 (*Starfsfólk Þjóðleikhússins*, e.d.).

Eins og áður segir skrifar Unnur Ösp Stefánsdóttir tvær leikgerðir byggðar sjálfsvævisögulegum bókum, annars vegar á bók Héðins Unnsteinssonar og hins vegar bókum Elísabetar Jökulsdóttur. Unnur hefur frá námsárunum í LHÍ fundið fyrir köllun til að segja sögur fólksins og segist sjálf sem áhorfandi í leikhúsi kunna að meta að upplifa að þurfa að horfast í augu við sjálfa sig og skoða sitt líf í gegnum áhrifamiklar sögur fólks. Algengt er að eldri verk séu sett upp í leikhúsum og þá er gjarnan reynt að stinga þeim í samband við samtímann og nútíma umræður. En það eru raunverulegar sögur fólksins í samtímanum sem kveikja eld innra með Unni Ösp og hefur hún fengið útrás fyrir sköpunarkraftinn og þörfina til að opna umræður, með því að vekja athygli á erfiðum málefnum, með listinni. Unnur Ösp hefur til dæmis unnið með föngum í samstarfi við fangelsismálastofnun, en sjónvarpsserían *Fangar* sem frumsýnd var á RÚV í janúar 2017 er framleidd af og byggð á hugmyndum hennar og Nínu Daggar Filipusdóttur. Handritið skrifar Margrét Örnólfsdóttir og leikstjórn var í höndum Ragnars Bragasonar. Unnur Ösp hefur lengi haft áhuga á jaðarhópum samfélagsins sem þó margir hræðast að fjalla um, en með listina að vopni hefur hún fundið sér leiðir að efnivið sem henni þykir mikilvægur í samfélagsumræðunni. Hún vill setja mál á dagskrá og sprengja tabú, eins og hún orðar það sjálf í viðtali við rannsakanda:

Þannig ég hef alltaf fundið leið að efnivið sem mér finnst bara svona mikilvæg samfélags umræða, að mig langar einhvern veginn að sprengja tabú. Og ég hef áhuga á jaðarhópum samfélagsins og því sem við erum kannski svolítið hrædd við.

Sjálf hefur Unnur Ösp reynslu af því að fá erfiðar fréttir og þurfa að horfast í augu við eigin fordóma varðandi viðkvæma málaflokka. Sú reynsla sýndi henni svart á hvítu hvað þöggun innra með fólki getur haft slæm áhrif og vildi hún nýta þann lærdóm og gefa í leiðinni til baka til samfélagsins.

Fyrst verður gerð grein fyrir niðurstöðum eiginlegra viðtala og annarra opinberra viðtala sem skoðuð voru við Unni Ösp höfund leikgerða sýninganna *Vertu úlfur* og *Saknaðarilmur* sem eru uppistaða fyrirliggjandi gagna, en einnig eru höfð til hliðsjónar viðtöl við Björn Thors leikara, leikstjóra og aðstandanda umræddra sýninga. Næst verður gerð grein fyrir viðbrögðum áhorfenda sem sótt hafa sýningarnar tvær. Á samfélagsmiðlum má finna mikið magn færslna þar sem áhorfendur tjá sig um umræddar sýningar. Úrtak þessara færslna var flokkað með orðræðugreiningu og þær kóðaðar í samhengi við úrvinnslu eiginlegra viðtala. Í umræðukafla verða niðurstöður viðtala og orðræðugreiningar settar í samhengi við fyrirliggjandi fræði, þá bæði hugræn fræði og aðlögunarfræðin. Rannsakandi setur svo fram ályktanir um niðurstöður út frá greiningu gagna með hliðsjón af fræðilegum bakgrunni.

5.1. Áherslur

Viðkvæm en mikilvæg málefni kveikja áhuga hjá Unni Ösp og því varð úr að fljótlega eftir að hún var sjálf komin með góða reynslu sem leikkona, vaknaði löngun hennar til að fara að vinna sitt eigið efni. Unnur Ösp er ekki reyndur höfundur en sú vegferð hófst árið 2015 þegar hún les bókina *Vertu úlfur* eftir Héðinn Unnsteinsson. Héðinn þekkti hún ekki persónulega og vissi lítið um hann. En segist hafa orðið algjörlega hugfangin af þeirri dramatúrgísku stemningu sem hún upplifði í frásögn hans, sem að hennar mati er ólík mörgum öðrum sögum sem skrifaðar hafa verið um geðhvörf og aðrar geðrænar áskoranir. Héðinn hefur viðtæka reynslu af störfum á sviði geðheilbrigðis eins og fram hefur komið, en hann hefur einnig reynslu sem notandi geðheilbrigðiskerfisins til fjölda ára. Hann hefur því mikla innsýn í kerfið frá mörgum hliðum og situr í raun beggja megin borðsins. Hugsanlega hefur hann því sjónarhorn sem fáir aðrir hafa, sem hann nýtir ásamt ritfærni til að koma sinni sögu á framfæri á áhrifaríkan hátt.

Þegar Unnur Ösp er spurð út í hverjar áherslur hennar voru þegar hún skrifar leikverkin *Vertu úlfur* og *Saknaðarilmur* kemur sterkt fram að hún vill að sýningarnar hreyfi við fólki. Sjálf hefur hún frá því hún komst til vits og ára haft mikinn áhuga á fólki og samfélagslegum málefnum. Hún hefur einnig mikla trú á því að leikhúsið sem og öll list snúist um tilfinningar og eigi að hreyfa við fólki á einhvern hátt. Báðar ofangreindar sýningar fjalla um viðkvæm málefni, sem sum hver hafa verið og eru jafnvel enn tabú í samfélaginu. Þetta eru í grunninn sögur fólks sem flestir þekkja til og eru úr samtímanum. Fólk sem hefur glímt við ýmist geðraskanir, fikn, tengslarof, sorg og missi eða jafnvel allt af þessu. Unnur Ösp nefnir að Héðinn byrji bók sína *Vertu úlfur* á að tileinka hana öllum þeim sem einhvern tímann hafa staðið utan hringsins, sem hún vill meina að allir hafi í raun gert á einhverjum tímapunkti í lífi sínu. Það að vera utan hringsins eða ekki í norminu eins og talað er um, segir ekki endilega til um að viðkomandi

hafi hafi lent í einhverju ákveðnu eða fengið einhverja geðgreiningu. Hver manneskja stendur frammi fyrir ýmsum áskorunum og upplifir alls konar áföll á lífsleiðinni. Sýningarnar áttu aldrei að vera endursögn af lífi eða eftirhermur þeirra Héðins Unnsteinssonar og Elísabetar Jökulsdóttur sem skrifa upprunaleg verk, heldur sýningar sem fjalla um það hvernig það er að vera manneskja.

Ég fæ bara alveg rosalega mikið út úr því, ég hugsa að þetta sé einhvers konar köllun að segja sögur fólksins. Því ég líka, sem kannski áhorfandi í leikhúsi þrái einhvern veginn að það sé eitthvað samtali við mig hreinlega. Og ég þurfi að horfast í augu við sjálfa mig og skoða mitt líf og mér finnst ótrúlega áhugavert að gera það í gegnum svona kannski... bara áhrifamiklar tilfinningaríkar sögur fólks.

Leikhús sem fjallar um persónulegar sögur felur í sér að minnka skilin á milli listarinnar og hversdagsins eða lífsins sjálfs, í þeim tilgangi meðal annars að hvetja fólk til sjálfsskoðunar og viðhorfsbreytinga eða til að endurskoða sambönd sín og samskipti við annað fólk (Baim, 2020).

Áherslur Unnar Aspar voru beintengdar hennar ástríðu til að breyta samfélaginu í gegnum listina. Hún segir að leikhúsið eigið að vera í beinu samtali við samtímamann og hlutverk leikhúslistafólks snúist um að finna tenginu við nútímamann en ekki vinna með „safnaleikhús“. Leikhúsið geti og eigi að hafa áhrif á samfélagið, en mikilvægt sé að vita af hverju verið sé að setja upp tiltekin verk og hvaða erindi er verið að koma á framfæri. Hún talar um að í gegnum skáldverk, kvikmyndir eða bara í lífinu sjálfu höfum við oft verið að heyra alls konar „öryrkja sögur“ af fólki með geðrænar áskoranir. Í dag sé staðan þannig að öll frávík hafi fengið nafn sem kennt er við einhvers konar röskun og annar hver maður sé kominn með einhverja greiningu, sem hún segir umhugsunarvert. Þessum greiningum eða röskunum fylgi þó einnig miklir fordómar í samfélaginu og þykir Unni Ösp mikilvægt að fólk horfist í augu við eigin fordóma. Hún vildi ná fram þannig áhrifum að áhorfendur yrðu að mæta sjálfum sér og það átti ekki endilega að vera auðvelt eða þægilegt. Markmiðið var að áhorfendur upplifðu eitthvað sem hreyfði við þeim, hefði raunveruleg áhrif á sálarlífið. Væri jafnvel óþægileg afhjúpun á þann hátt að áhorfendur yrðu að takast á við eitthvað innra með sér, sem gerði svo líf þeirra betra á endanum. Unnur Ösp nefnir að fólk sé stöðugt að sækja sér upplýsingar í samskiptum við fólk, í símanum eða hvar sem er og það vilji láta hafa áhrif á sig. Hún trúir því að leiklist geti breytt lífi fólks, hafi heilunarmátt og geti ef best lætur verið eins konar andleg þerapía (e. Therapy) fyrir áhorfendur.

Í viðtali tekur Björn Thors undir þessar áherslur og talar um að augljóst sé á mörgum nýlegum dæmum hvað leikhúsið er fyrirferðamikið inn í umræðunni. Þar er hann meðal annars að vísa í deilur sem stóðu yfir um verkið *Sem á himni*. En leikstjóri verksins fékk gagnrýni fyrir að hafa valið ófatlaðan einstakling til þess að leika hlutverk fatlaðrar sögupersónu, en atvikið varð til þess

að umræða um þarft málefni skapaðist. Þetta segir hann að undirstriki mikilvægi umræðunnar sem á sér stað í leikhúsinu en einnig mikilvægi lista í stóra samhenginu. Með leikhúsinu sé hægt að nálgast ýmis málefni sem skipta okkur sem samfélag miklu máli og setja þau á dagskrá.

Undirstrikar auðvitað líka mikilvægi lista svona í stóra samhenginu. Hvernig við getum nálgast dýralóg um málefni sem skipta okkur öllu máli. Og ekki að leikhúsið sé endilega að predika einhvern sannleika, ekki svoleiðis heldur er meira verið að reyna að opna umræðu. Og svona eins og nýleg dæmi sýna fram á, að með því að opna umræðuna þá koma fram fletir sem að hreyfa við hlutunum og draga fram sjónarhorn og sjónarmið sem að eru mikilvæg í umræðunni.

Í þessu samhengi nefnir Björn að munurinn á hinni almennu umræðu eins og í fjölmiðlum eða á kaffistofum sé að leikhúsið er hlutlaus staður og hafi því tækifæri og svigrúm til að teygja umræðuna án þess að hún þurfi að verða að átakamáli. Það er að segja ef punkturinn í málflutningi er ekki settur fram til að ná einhverri tiltekinni niðurstöðu, annarri en að opna almenna umræðu, geti fólk sameinast um að taka þátt í umræðunni á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Þetta segir Björn að þau hafi til að mynda fundið fyrir í tengslum við sýninguna *Vertu úlfur* þar sem mikil umræða skapaðist um geðheilbrigðismál á mörgum stigum þjóðfélagsins. Björn segir einnig að einn af kostum leikhússins sé að hægt sé að snúa hlutunum á hvolf og það geti snert á mörgum strengjum. Íslenska alþýðuleikhúsið sé kómískt leikhús þar sem við komum saman til að hafa gaman, og jafnvel þótt málefni séu stór eða mikilvæg sé samt hægt að sjá þau í kómísku ljósi og nálgast þau með hómor.

Það er alveg hægt að taka þessi stóru mál, fletta þeim upp og sjá þau svona í kómískara ljósi og hlæja aðeins að harminum, það er líka hlutverk leikhússins. Grímurnar tvær eru ein alvarleg og ein hlæjandi... af því að þetta er svona... Það er auðvelt að nálgast stór mál í gegnum hómor og, og, og herna... Svona afrafmagna aðeins umræðuna með því.

Í tengslum við sýninguna *Vertu úlfur* segir Unnur Ösp að víðtæk reynsla Héðins af kerfinu á sviði geðheilbrigðismála, bæði sem notandi og fagaðili, hafi verið mikill innblástur og ekki síður hugrekki hans til að deila sinni lífsreynslu. Sagan er stormasöm og mjög sorgleg á köflum en hún segir kraftinn í bókinni ekki bara fólgin í því hversu sorgleg og spennandi sagan er, heldur sé þetta upprisusaga full af von og innblæstri. Við göngum öll í gegnum djúpa dali einhvern tímann á ævinni og hennar áherslur lágu mikið til í inntaki sögunnar, um að þrátt fyrir erfiðleika og áskoranir sé þetta allt þess virði.

Í upphafi sýningarinnar lýsir *úlfurinn* því hvernig einhver æðri öfl og álög ollu því að hann breyttist í úlf. Í túlkun og orðalagi ætti áhorfendum strax að verða ljóst að hér er manískur maður að segja frá sinni upplifun, en þau áhrif tengja þó vel við raunveruleikann. *Úlfurinn* rekur ferli veikinda sinna, en setur strax áhersluna á að þrátt fyrir allar sínar raunir og áföll

hafi það verið ofbeldið sem hann var beittur sem honum þótti verst. Það verður rauður þráður í gegnum sýninguna sem endar svo á tilfinningaríkri lýsingu á því hvernig hann upplifði að vera frelsissviptur fyrir tilstilli sinna nánustu. Áhorfendur eru dregnir inn í líðan manns sem brotið hefur verið á af hálfu fjölskyldu, kerfisins og samfélagsins. Vissulega er um að ræða veikan einstakling, en áhorfendur eru hluti af þessu samfélagi og flestir ef ekki allir sem hafa einhverja tilfinningagreind skynja hér það sammannlega og þurfa að horfast í augu við eigin fordóma. Þetta má tengja við viðtökukenningar Hans Robert Jauss, sem fjalla um hvernig lesendur eða áhorfendur í þessu tilviki, upplifa og meðtaka efni út frá persónulegum og menningarlegum skilyrðum (Jauss & Benzinger, 1970). Í litlu samfélagi eins og Íslandi þekkjá margir áhorfendur til Héðins og hans sögu, margir eiga einhvern nákominn eða hafa eigin reynslu af geðrænum áskorunum, en eru svo einnig hluti af því samfélagi sem brást *úlfnum*.

5.2. Aðlögunarferlið

Þegar Unnur Ösp las bók Héðins *Vertu úlfur* árið 2015 kviknaði strax löngun hjá henni til að gera eitthvað með þetta efni. Henni þótti textinn leikfær og sagan eiga skilið framhaldslíf og eiga erindi á leiksvið. Á þessum tímapunkti var Unnur Ösp starfsmaður Borgarleikhússins, en Þjóðleikhúsið hafði tryggt sér réttinn á bókinni, svo hún hugsar ekki meira um það á þeirri stundu. Eitthvað hafði þó tafið það að verkið færi á fjalirnar, en samkvæmt heimildum Unnar Aspar höfðu margir verið um hituna og sýnt verkefninu áhuga. Samspil nokkurra þátta varð svo til þess að verkefnið endar í hennar höndum. Í upphafi árs 2020 færir Unnur Ösp sig yfir í Þjóðleikhúsið og sama ár tekur Magnús Geir Þórðarson við starfi þjóðleikhússtjóra. Unnur Ösp fer á hans fund og þegar hún er spurð hvort hún eigi sér draumaverkefni er *Vertu úlfur* það fyrsta sem kemur upp í hugann.

Þar sem Unnur Ösp hafði gert sér ákveðnar hugmyndir um hvað hana langaði að gera með verkið, var henni auðfúslega treyst fyrir því af þjóðleikhússtjóra. Að sögn Unnar Aspar komu margir leikstjórar að þessu efni á hugmyndastigi með margar ólíkar hugmyndir, en hægt er að fara ýmsar leiðir og fara í margar áttir þegar aðlaga á bækur yfir í leikverk. En sé ætlunin að taka heilt listaverk og standa með því til enda trúir Unnur Ösp á að krafturinn, ástríðan og eigin trú verði að koma innan frá. Það kunni ekki góðri lukku að stýra að gera hlutina eins og þú heldur að aðrir myndu gera þá.

Þegar kemur að því að koma bók yfir á annað form, bendir Unnur Ösp á að lesin saga gerist í huga lesandans en í aðlögunarferli verksins á leiksvið miðli hún sinni túlkun og verði því eins konar meðhöfundur. Þegar verið er með persónulegar sögur fólks í höndunum, sér í lagi fólks sem enn er meðal okkar í lifanda lífi er verkefnið mjög vandmeðfarið. Þessir einstaklingar hafa

sína upplifun, en það þurfi að finna leiðir til þess að aðrir skilji og skynji efnið, án þess að það sé eftirhermuleikur eða myndlíking af upplifun sögupersónunnar. Fyrir listrænu teymin skiptir það öllu máli að gera verkunum skil af virðingu við þá sem upprunalegu sögunar fjalla um. Á sama tíma og allir, eða í það minnsta flestir vita að þetta er þeirra saga [Héðins og Elísabetar] þurfti Unnur Ösp að opna efnið þannig að sýningarnar fjalli ekki um þessa tilteknu einstaklinga, heldur um glímu mannsins við erfiðleika og hvernig það er að vera manneskja. Stundum sé það mjög erfitt en stundum líka bara hrikalega gaman.

Varðandi nálgun leikstjóra og leikara þegar kemur að aðlögun, segir Björn að þau í leikhúsinu séu faktískt í grunninn í þjónustu við leikskáldin og í samhengi við *Vertu úlf* og *Saknaðarilm* séu það breiðu línurnar í upphaflegu sögunum sem leitast sé við að draga fram og túlka. Í sumum tilfellum eru þræðir verka mjög sýnilegir og augljósir, en stundum liggi meining höfundanna dýpra. Þetta snúist um að draga þræðina upp, það sé þeirra að finna leiðir og með verkfærum leikhússins hafi þau mörg tækifæri.

Það er náttúrulega hlutverk leikarans að túlka það sem hann segir, á meðan svona general línur í verki, hvernig allt saman tala saman inni á sviðinu og það er hægt með ótal aðferðum. Það er með ljósi og hljóði og tónlist og héna... sviðshreyfingum persónanna og hvort við notum hringsvið eða ekki, hvort tjaldið er að opnast og lokast... og þú veist bara við höfum endalaus úrræði til þess að reyna að ná tókum á efniviðnum og fyrir vikið að tengjast áhorfendum. Því að auðvitað snýst þetta allt um að reyna að draga þræðina í verkinu upp og stundum eru þeir mjög sýnilegir. Sum verk eru mjög sýnileg og bara augljós merking og meining höfundanna en stundum liggur hún dýpra og verk eru mis flókin og þá snýst þetta voða mikið um það að reyna að draga þræðina upp og gera þá skiljanlega fyrir okkar áhorfendur. Það er að reyna einhvern veginn að þýða verkið þannig að við tengjum við það. Þetta snýst allt um það... þessi tengsl áhorfenda við söguna. Þannig að hlutverk leikstjórans felst í því að reyna að segja söguna á skiljanlegan hátt, reyna að fá alla sem vinna verkefnið til þess að vinna í því að segja sömu sögu.

Þó margt sé líkt með vinnubrögðum Unnar Aspar í umræddum sýningum eru tvö mismunandi verkferli sem eiga sér stað varðandi aðlögun bókana yfir í sviðsverk. Því verður gerð grein fyrir niðurstöðum varðandi aðlögunarferli fyrir hvora sýningu um sig. Hér að neðan verður því byrjað á umfjöllun um sýninguna *Vertu úlfur* og þar á eftir kemur umfjöllun um sýninguna *Saknaðarilmur*.

Eins og fram hefur komið sá Unnur Ösp sýninguna *Vertu úlfur* sterkt fyrir sér sem einleik og skrifar leikverkið út frá þeirri hugmynd. Það liggur ekki beint við að setja einleik upp á stóra sviðinu og upphaflega var ætlunin að setja sýninguna upp í Kassarum. En það er lítið svið í svokölluðu Jónshúsi við Lindargötu, en salurinn tekur 135 áhorfendur og tilheyrir húsið Þjóðleikhúsinu. En á þessum tímamarki ríkti Covid-19 heimsfaraldurinn og heimsmýnd okkar

var öll upp í loft. Það voru settar á samkomutakmarkanir, fjarlægðarreglur, grímuskylda og ýmsar aðrar reglur um sóttvarnir. Aðeins tíu manns máttu koma saman og urðu þá að takmarka samneyti við alla aðra. Í ljósi þessara takmarkanna og vegna þess að listræna teymi sýningarinnar *Vertu úlfur* var fámennnt, var þeim mögulegt að vinna áfram að sýningunni. Hins vegar setti tveggja metra fjarlægðarreglan sýningum í Kassanum miklar skorður. Þó það væri mikil áskorun var ákveðið að setja sýninguna upp á stóra sviði Þjóðleikhússins, því þrátt fyrir takmarkanir var hægt að sýna þar fyrir hundrað manns í sal sem þó tekur fimmhundrað gesti.

Unnur Ösp telur þó að þessar aðstæður hafi unnið með verkefninu á alla kanta. Sökum heimsfaraldursins og allrar þeirrar óvissu sem ríkti í heiminum hafi fólk verið berskjaldað, einmanna og svolítið viðkvæmt. Stóra sviðið bauð líka upp á rými til að gera söguna sjónrænt áhrifameiri og var markvisst unnið með tómið og einfalda leikmynd, sem Unnur Ösp segir hafa undirstrikað einmannaleika *úlfsins* og hversu brothættur hann var. Aðstæðurnar segir hún að hafi verið ótrúleg gjöf sem hafi stækkað tilfinninguna í verkinu. Í bókinni sé tilfinning og kannski rauður þráður í gegnum söguna að *úlfurinn* upplifir sig útskúfaðan. Hann lýsir beint og óbeint hvernig samfélagið setur fólk sem er ekki í norminu eða því þyki á einhvern hátt óþægilegt, út í horn.

Það var svo magnað af því að þetta er verk um að ... að heimsmynd manneskju breytist. Þú bara, þú missir vitið, það ... heimurinn fer á hvolf. Það bara gerðist. Við urðum náttúrulega öll mjög viðkvæm, fólk þurfti að horfast í augu við sjálft sig, við fjölskyldu sína, horfa í augun á maka sínum lokað inni í einhverjum pínulitlum íbúðum út um allan heim. Þannig að þetta kallaðist allt svo á. Að þessi heimsfaraldur, hann kemur allur á einn eða annan hátt, ekki bara praktískt heldur líka tilfinningalega inn í verkefnið og þannig að já... sannarlega breyttist allt konseptið ...

Aðstæður urðu líka til þess að sýningin fer rólega af stað með fáum áhorfendum, sem mátti þó fjölga með tímanum eftir því sem takmörkunum létti. Unnur Ösp segir það sannarlega ekki sjálfgefið að fólk kaupir sér miða á einleik um geðhvörf, en með þessu móti spurðist sýningin hægt og rólega út og telur hún alls ekki víst að sýningin hefði náð sama flugi ef ekki hefði verið fyrir þessar fordæmalausu tíma og aðstæður.

Vinnubrögð Unnar Aspar innihéldu ígrundaða heimilda- og rannsóknarvinnu og þótti henni strax mikilvægt að kynna Héðni og komast nær kjarna hans persónu. Þó bókin hafi vakið sterk viðbrögð Unnar Aspar, var ætlun hennar ekki að skrifa söguna út frá sinni persónulegu upplifun, heldur gera það í góðu samstarfi við Héðinn, því þetta væri hans sársauki og hans lífsreynsla. Með kynnum þeirra og samstarfi komst Unnur Ösp enn nær sögu Héðins, því hann var örlátur og hleypti henni að sér. Hún fékk að lesa mikið efni frá honum, svo sem ljóð og dagbækur

hans frá því tímabili er hann var sem veikastur, en það gerði Unni Ösp kleift að byggja verkið ekki eingöngu á bókinni heldur einnig á persónunni. Þegar unnið er með aðlögun persónulegra frásagna einstaklings er mikilvægt að viðkomandi hafi stjórn á meðferð efnisins og getið komið með athugasemdir um það sem honum þykir skipta máli. Nálgast þarf efnið af siðferðilegri ábyrgð með samkennd og virðingu fyrir einstaklingnum. Fullt samþykki hans þarf að vera til staðar, því án sjálfræðis þess sem frásögnin er um, getur útkoman haft neikvæð áhrif á andlega líðan viðkomandi (Baim, 2020). Unnur Ösp bauð Héðni upp í listrænan dans og með þeim skapaðist mikið traust. Þau voru á einu máli um að án þess hefði ekki verið hægt að koma efninu eins vel á svið og raunin varð. Unnur Ösp hafði greiðan aðgang að Héðni og samstarfið var bæði gott en einnig mjög lærdómsríkt fyrir hana persónulega. Verkið fjallar mikið um fordóma og viðkvæm málefni, bæði persónuleg mál Héðins en einnig viðkvæm málefni í samfélaginu. Sjálf segist hún hafa þurft að fara í mikla sjálfsskoðun og horfast í augu við eigin fordóma.

Þannig að mér fannst eitthvað í þeirri maníu að hann væri einn að segja okkur sögu allan tímann, að sannfæra okkur og við erum einhvers konar dómsvald eða einhvers konar herna... það væri okkar að ákveða hvort að við dæmdum hann eða ekki því þetta er rosalegt verk um fordóma og hvað við erum öll fordómafull og við mættum öll okkar fordómum í þessu verkefni. Ég hafði fordóma fyrir honum og hann hafði líka fordóma fyrir mér.

Sem höfundur leikgerðar og sem leikstjóri varð Unnur Ösp að finna alla simpatísku (e. Sympathy) punktana í sögunum til að vekja áhuga áhorfenda á persónunum af ólíkum og jafnvel fleiri en einni ástæðu. Í tilfelli *Vertuúlfs* segir Unnur Ösp að hún hafi til að mynda notað mömmu *úlfsins* til þess að draga þessi áhrif fram, þar sem tenging fólks við mæður sínar er gjarnan sterk eða viðkvæm. Henni fannst einnig mikilvægt að fá kvenorku og mýkt á móti leikaranum sem er karlkyns og svolítið grófur. Sem mótvægi þar fékk hún Emelíönu Torrini inn í tónlistina, en hún semur texta og annað titillag sýningarinnar. Hitt titillagið semur tónlistamaðurinn Prins Polo, en við lagið notar hann fyrrnefndan texta Emelíönu. Lag Emelíönu segir Unnur Ösp að fangi dekkri og viðkvæmari hliðar geðhvarfa á meðan lag Prins Póló endurspeglar oflætið sem geti fylgt geðhvörfum. Tónlist notar Unnur Ösp mikið í verkinu og vann þar bæði með sínar eigin og tilfinningalegar tengingar Héðins við ákveðin lög.

Þó Unnur Ösp sé vissulega höfundur leikverksins og leikstjóri þess, þá verður ekki til sýning nema með samvinnu margra aðila. Sem leikstjóri hefur Unnur Ösp það áhrifavald að velja sitt listræna teymi, en alltaf þó í samtali við þjóðleikhússtjóra. Þar sem hún var að vinna að verki sem fjallar um að vera utan hringsins, ákveður hún að teygja sig út fyrir sinn þægindaramma. Áður hafði hún mikið unnið með sama fólkinu, en í þessu tilfelli vissi Unnur Ösp að þau yrðu að fara á hættulega staði og hún yrði sjálf að hoppa fram af bjargbrúninni sem listamaður. Hún valdi því

með sér listamenn sem hún segist bera ótakmarkaða virðingu fyrir, en einnig fólk sem hún vissi að hefði mikla lífsreynslu að baki, hefði gengið í gegnum áföll og upplifað alvöru sársauka.

Þá verður hann [leikstjórinn] að velja fólk sem hann treystir og telur vera rétt í þetta tiltekna verkefni og svo skiptir auðvitað líka máli hvernig gengur að vinna með fólki og hvort maður þekki það. Í þessu tilfelli þekkti ég þau fæst sko, en það gekk bara vonum framur og var bæði mjög gleðilegt en líka alveg hrikalegt tilfinningalegt og tilfinningalega erfitt ferðalag, en stundum þarf listin að fá að vera þannig.

Leikaraval þar sem einn leikari þarf að geta borið uppi heila sýningu, er áskorun og því fylgir einnig mikil ábyrgð. Hlutverk *úlfsins* [persónan] í sýningunni *Vertu úlfur* er langt frá því að vera einfalt hlutverk og krefst kraftmikils leikara með líkamlega snerpu, en einnig leikara sem getur opnað inn í hjartað af tilfinningu og mildi. Unnur Ösp segir mikla fegurð í því að *úlfurinn* í verkinu er alltaf að reyna að vera sterkur og töff en ber mörg sár innra með sér, eins og við flest öll sem manneskjur gerum. Unnur Ösp hefur trú á því að öll leiklist gangi út á að fara á þennan berskjaldaða stað og það sé ekki bara leikstjórinn, heldur allir sem vinna að verkinu sem hjálpi leikaranum að komast á þann stað að útkoman verði afhjúpanði og jafnvel óþægileg hugljómun fyrir áhorfandann.

Þetta rímar við skáldskaparkenningu Aristótelesar og forngríska hugtakið „kaþaris“ sem merkir „hreinsun“ en hefur einnig verið þýtt sem „útrás“ eða „úthreinsun tilfinninga“. En með kenningu sinni vildi Aristóteles meina að leikhús væri ekki eingöngu til skemmtunar heldur mikilvægt verkfæri til fræðslu og siðferðisþroska. Leikhús gæti hjálpað áhorfendum við mannlegar áskoranir, gæfi tækifæri til að upplifa samkennd, spegla eigin líðan og vinna úr tilfinningum sem oft eru flóknar og erfiðar (*Um skáldskaparlistina*, 1997).

Leikarinn sem varð fyrir valinu var Björn Thors, sem einnig er eiginmaður Unnar Aspar. En hún segir að þeirra tenging hafi ekkert með valið að gera hvort sem fólk trúir því eða ekki, heldur sé Björn hæfileikaríkur leikari og mjög næmur listamaður. Þar sem verkið er einleikur stendur sýningin og fellur með leikaranum og í augum Unnar Aspar kom aldrei neinn annar til greina því hún var alveg viss um að Björn væri sá rétti í hlutverkið. Einnig segir hún að útlit hafi ekkert spilað inn í val hennar, því leiklist snúist ekki um að herma eftir heldur snúist leiklist um að skilja tilfinningar og setja sig í spor annarra og lífsreynslu. Hugmyndin á bak við verkið var aldrei sú að einhver væri að leika Héðinn. Björn fann heldur engar sérstaka þörf eða löngun til að kynnast Héðni á þann hátt að hann væri að apa upp hreyfingar eða takta. Þau lögðu aðal áherslu á dýptina og tilfinningarnar í persónunni, en eins og áður sagði er Björn mjög næmur listamaður og þrátt fyrir að ekki hafi verið lagt upp með það, verður lokaniðurstaðan sú að í túlkun sinni koma fram sterk karakter einkenni og líkindin með þeim Héðni verða töluvert mikil. Í upphafi hvernar sýningar er Björn á meðal áhorfenda í framsal í karakter *úlfsins* og segir Unnur Ösp að nánast í

hverri einustu sýningu hafi fólk tekið feil á þeim og heilsað honum sem Héðni. Í því samhengi nefnir Unnur Ösp sögu sem henni þykir svolítið falleg, en í frumsýningar partýinu gerist það undir lok kvölds að faðir Héðins tekur utan um Bjössa og segir „takk fyrir Héðinn minn“.

Þetta er áhugavert að skoða í tengslum við hugrænu fræðin og blöndunarkenningu þeirra Gilles Fauconnier og Marks Turner, sem fjallar um að mannshugurinn geti blandað saman upplýsingum úr mismunandi *hugrúmum* (Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, 2015). Rannsakandi upplifði þessa blöndun *hugrúma* á eigin skinni á umræddri sýningu. Í því tilfelli er um að ræða mörg ólík *hugrúm* sem mætast. Höfundur er alin upp í sama bæjarfélagi og Héðinn Unnsteinsson, einnig var vinskapur milli foreldra þeirra og var rannsakandi því ágætlega kunnug hans sögu fyrir lestur bókarinnar *Vertu úlfur*, en þekkir hann þó ekki persónulega. Björn Thors þekkir rannsakandi persónulega í gegnum sameiginlega vini og kórastarf. Í áhorfendasal kemur Björn gangandi til rannsakanda og allt fas hans benti til þess að hann væri að koma til að spjalla og heilsa kunningja. Í gegnum huga rannsakanda fór af stað hugsanaferli um af hverju Héðinn væri að heilsa henni því þrátt fyrir að eiga tengingu og rætur í sama bæjarfélag þá þekkjast þau ekki neitt. Vissulega var Björn í „gervi“ *úlfsins*, en það liðu þó nokkrar sekúndur þar til rannsakandi áttaði sig á að það væri Björn sem hún væri að tala við. Þetta má segja að sé gott dæmi um hvernig *hugrúm* mætast og blandast, þar sem leikhúsið er eitt, leikverkið annað og sagan sjálf það þriðja. Við þetta bætist tenging úr æsku við þann sem sagan fjallar um, kunningskapur við leikarann og svo reynsluheimur rannsakanda. Hvert *hugrúm* felur í sér mismunandi *ílagsrúm* og *skipulagsramma* sem leggja mismikið í blönduna en getur verið samspil margra ólíkra þátta. *Skipulagsramminn* er nokkurs konar grunnlag sem heldur utan um sameiginlega þætti og samþættir merkingar mismunandi *ílagsrúma* (Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, 2015). Þetta dæmi sýnir hvernig hugræn blöndun getur haft áhrif á það hvernig við túlkum aðstæður og hvernig samspil raunveruleika og önnur skynjun getur haft áhrif á upplifun í ákveðnum aðstæðum.

Líkt og með verkið *Vertu úlfur* sá Unnur Ösp efnivið bóka Elísabetar einnig falla vel að einleik og fékk fullt traust Elísabetar til að fara af stað með að skrifa leikverk byggt á hennar reynslu og hugmyndaheimi. Unnur Ösp segir þó að í gegnum hugann hafi flogið sú hugsun að það væri galið að ætla að skrifa annan einleik eftir *Vertu úlfur*, sem hafi gengið svona vel. Elísabet vildi lítið hafa puttana í sjálfum skrifunum, en las þó yfir uppköstin, kom með einhverjar athugasemdir og mætti svo bara á rennsli viku fyrir frumsýningu. Unnur Ösp talar um það sem stærsta tímapunktinn í öllu ferlinu, að hafa staðið þarna á sviðinu fyrir framan manneskjuna á bak við söguna. Verandi ábyrg fyrir leikgerðinni og reyna að gera öllu góð skil af virðingu við Elísabetu en gefa þó engan afslátt af brjálæðinu sem í sögunni felst. En Unnur Ösp leikur sjálf hlutverkið í sýningunni undir leikstjórn Björns Thors.

Þegar vinna hófst við leikgerð og sýningu þótti Unni Ösp mikilvægt að fara á dýptina og lagði mikla vinnu í að kafa ofan í sálfræðina. Hún las bækur, setti sig í sambandi sálfræðinga, geðlækna og einnig vísindafólk hjá Háskóla Íslands sem vinnur að verkefninu *Áfallasaga kvenna*. Áföll geta haft gríðarlega mikil áhrif á líf fólks og markmiðið var að koma á framfæri mikilvægi þess að finna leiðir til að vinna sig út úr áföllum og sjá ljósið eftir mikið hyldýpi.

Ég talaði strax við fólkið í *Áfallasögu kvenna* upp í háskóla af því að sú rannsókn sem var í gangi fyrir 5 árum hafði mjög mikil áhrif á mig persónulega og tengist efninu mjög mikið og það var svo gaman að hitta vísindafólkið og fólk sem brennur fyrir áföllum. [...] og það var gaman að hitta vísindafólk sem alveg iðar í skinninu yfir sama efni en út frá allt öðrum forsendum. Þannig að ég er búin að vera í samtali við þau alveg samhliða skrifunum. Þau eru búin að vera hérna úti í sal, fylgjast með og leiðrétta ákveðið orðalag. Það er svona ákveðin niðurstaða í verkinu um að þurfa að horfast í augu við sjálfa sig og segja söguna sína til að svona sprengja þessa fordóma og þessi tabú öll og geta haldið áfram í átt að betri líðan. Og þar komu þau mjög sterkt inn í, bara svona í raun og veru í sálfræðina í efninu.

Til þess að komast að kjarna sögunnar var þessi rannsóknarvinna það sem Unni Ösp þótti mikilvægast í aðlögunarferlinu. Hún segir að almennt vinni hún mikla undirbúningsvinnu, þá með viðtölum og annarri heimildavinnu en í tilfelli *Saknaðarilms* varð fyrrnefnt vísindafólk að samstarfsaðilum og með því þótti henni takast að mynda enn fleiri snertifleti við ætlaðan boðskap verksins.

5.3. Mikilvægi boðskapar

Aðspurð hverju leikhúsið hafi að bæta við umræðuna svara Unnur Ösp því til að leikhúsið og í raun öll list ef út í það er farið, sé öflugt verkfæri til að vekja athygli á málefnum og opna umræðu. Þegar Unnur Ösp las bókina *Vertu úlfur* hafði hún gríðarlega sterk áhrif á hana persónulega og fannst henni sagan innihalda ákveðinn boðskap sem ætti erindi til allra. Fyrir hana sjálfa var saga Héðins ákveðin vakning, krafði hana um að horfast í augu við eigin fordóma og áskorun um að dæma ekki fólk, sem hún segir okkur öll gera ljóst og leynt, heldur sýna öðrum samkennd og mildi. *Úlfurinn* kenndi henni mikið um mannlegt eðli og samkennd, því öll erum við einhvern vegin og að baki liggi alltaf einhverjar ástæður. Héðinn er með bók sinni að ýta við samfélaginu, ögra hugmyndum og reyna að breyta kerfinu. Unnur Ösp segir alls ekki allir sammála honum, hvorki notendur kerfisins né þeir sem starfa innan þess. En frásögn hans skapar umræður og með sýningunni vildi Unnur Ösp hvetja enn meira til þess.

Bækur Elísabetar höfðuðu einnig mikið til Unnar Aspar og eru að hennar mati ótrúlega áhrifaríkar sögur sem fjalla um flókin sambönd, tengslarof, sorg og geðraskanir. Sögurnar byggja

á erfiðri lífsreynslu konu úr okkar samtíma og er auk þess smá sprengja inn í tabú feðraveldisins. Unnur Ösp vildi með leikverkinu ekki gefa neinn afslátt heldur fara inn í allan óþægilega sannleikann, allt brjálæðið og alla geðveikina sem í sögunni býr. Hún og listræna teymið sem kom að sýningunni gættu þess þó að það væri gert af virðingu við Elísabetu, sem að sögn Unnar Aspar hafi verið mjög sátt við útkomuna. En eins og áður hefur komið fram þá trúir Unnur Ösp því að leikhúsið og listir geti verið hreyfiafl í samfélaginu og þótti henni efnið eiga erindi inn í samfélagsumræðuna á mörgum sviðum.

Og ég trúi því að leikhúsið og listir geti verið hreyfiafl í samfélaginu, að það sé engin spurning. Ég held að við getum haft alveg gríðarlega mikil áhrif í gegnum tilfinningalíf áhorfenda og stundum meiri áhrif jafnvel en pólitíkin sem er kannski að reyna að segja okkur hlutina beint í orði. En við gerum það kannski meira í gegnum upplifun.

Taldi hún að verkið gæti einnig haft jákvæð áhrif fyrir áhorfendur sem einstaklinga og hvatt til þess að fólk liti inn á við, skoðaði hvaðan það kæmi og sættist við sjálfan sig og aðra. Trú Unnar Aspar á áhrifamátt listarinnar byggir meðal annars á hennar eigin upplifun sem áhorfanda og samfélagsþegns.

Mér fannst hún eiga mikið erindi í samfélagsumræðuna og hvað við gætum vonandi haft jákvæð áhrif inn í sálarlíf fólks varðandi það að líta í eigin barm og skoða sjálfa sig og hvaðan við komum og af hverju við erum eins og við erum. Og hún er á svo mörgum flötum svo áhugaverð þessi seinni bók *Saknaðarilmur*, sem er svona aðal ramminn í leikritinu mínu.

Unnur Ösp segir að ekkert gefi manni meira sem listamanni en þegar verk þeirra hafa raunveruleg áhrif til góðs, hvort sem er á einstaka áhorfendur eða til þess að það verði tenging við og samtal um málaflokka sem þarft er að hlúa að. Ef þessum markmiðum og áhrifum sé náð skipti í raun litlu hvað gagnrýnendur hafi að segja um verkin.

Varðandi bókina *Vertu úlfur* áleit Unnur Ösp hana ekki vera bara eins og hver önnur dramatísk saga, því í henni býi einhver heilandi máttur. Hún segir þetta ekki vera sögu af geðveiki, heldur sé þetta saga af áföllum, en einnig upprisusaga full af von og innblæstri fyrir geðheilbrigði heillar þjóðar. Saga Héðins fjalli um það hvað það er og hversu viðkvæmt það getur verið að vera manneskja. Unnur Ösp tekur sem dæmi um þetta fólk sem stendur frammi fyrir erfiðleikum eins og til að mynda skilnaði eða missi og brotni algjörlega saman tímabundið, en svo segi samfélagið að það eigi að jafna sig mjög hratt, en það gerum við alls ekki öll.

Í sýningunni er *úlfurinn* á einum tímapunkti að segja frá röð áfalla sem hann varð fyrir um svipað leiti. Hann er óviss um tímaröð, ruglar saman atburðum og talar í framhaldinu um hvernig

áföll geta haft áhrif á geðheilbrigði þannig að fólk verði eins og skurnlaust egg. „*Hefur ykkur aldrei liðið þannig? Líður ykkur aldrei illa?*“ spyr *úlfurinn* áhorfendur og er með því að hvetja til sjálfsskoðunar og mildi í eigin garð. Unnur Ösp hefur mikla trú á því að leikhús geti heilað tilfinningalíf okkar. Við áföll fari fólk til sálfræðings, í nudd, í sund eða tali við vini, en það sé líka hægt að upplifa listaverk sem kennir okkur eitthvað um okkur sjálf og heili einhver sár. Saga Héðins sé dæmi um slíkt efni.

Unni Ösp þótti mikilvægt að inntak sögunnar er ekki hamfarasaga einhvers á jaðrinum sem endar illa, heldur felist í henni nýtt sjónarhorn af baráttu og upprisu manns. Saga *úlfsins* ýti einnig undir hugmyndir okkar um normið, hvað það er að vera normal eða eðlilegur. Í dag sé verið að setja greiningar á allt í mannlegu eðli og ofgreina fólk í stórum stíl. Í því samhengi nefnir Unnur Ösp að kvíði sé til að mynda fullkomlega eðlileg tilfinning sem við finnum öll fyrir á stundum, en það þýðir ekki að við séum með kvíðaröskun. Kvíðinn geti þess heldur verið gagnlegur kraftur sem drífi okkur áfram og við eigum ekki að skilgreina okkur út frá einhverjum sjúkdómum eða greiningum. Boðskapur *úlfsins* felist í þessu sammannlega, í umburðarlyndi og skilningi gagnvart sjáfum sér og öðrum. Ef fólk geti speglað sig í sögunni, fengið einhvers konar útrás fyrir tilfinningar sínar og jafnvel dregið einhvern lærdóm af, sé hluta tilgangsins náð.

5.4. Viðbrögð áhorfenda – Niðurstöður orðræðugreiningar

Í kjölfar sýninganna *Vertu úlfur* og *Saknaðarilmur* hafa Unnur Ösp og Björn Thors sem ýmist höfundur, leikstjórar eða leikarar fengið gríðarlega mikil viðbrögð frá áhorfendum. Þeim hafa borist hundruð skilaboða og tölvupósta og jafnframt verið stoppuð margsinis út á götu af fólki sem hafði þörf til að tjá sig um sýningarnar. Þessi viðbrögð segja aðstandendurnir að hafi verið mjög einlæg og persónuleg, sem hafi staðfest fyrir þeim mikilvægi umræðunnar um þessi málefni.

Færslur áhorfenda á samfélagsmiðlunum *Facebook* og *Instagram* voru hluti þeirra gagna sem notuð voru við rannsóknina. Þegar leitað var eftir viðbrögðum og umsögnum áhorfenda á netinu var að finna töluvert magn færslna þar sem fólk tjáir sig persónulega um upplifun sína á umræddum sýningum. Þessar færslur eru mis efnismiklar, allt frá því að vera örfá orð, yfir í lengri pistla. Hér á eftir verður greint frá þeim niðurstöðum sem lesa mátti úr orðræðugreiningu þessara færslna. Vert er að nefna að samfélagsmiðlafærslur eru birtar á opinberum vettvangi og því mögulega aðeins annars eðlis en þau viðbrögð sem áhorfendur sendu aðstandendum sýninganna í persónulegum skilaboðum. Því má ætla að raunveruleg áhrif sýninganna séu jafnvel enn sterkari en fram koma í færslum á samfélagsmiðlum.

Greining ummæla um verkið *Vertu úlfur* bendir sterklega til þess að sýningin hafi haft mikil tilfinningaleg áhrif á áhorfendur. Áberandi er að fólk nefni að umrædd sýning sé mögnuð og til að

mynda hljóðar ein færslan svo: „Ein sterkasta leikhúsupplifun sem ég man eftir.“ Þónokkrir tala einnig um að verkið hefði reynt mikið á og lýsa viðbrögðum eins og gráti, skjálfta og gæsaúð. Einn áhorfandi gengur svo langt að lýsa upplifun sinni sem andlegu marþoni. Yfirgnæfandi fjöldi minnst á hversu mikilvægur þeim þyki boðskapurinn og að hann eigi erindi við okkur öll sem samfélag. Sem dæmi um slík viðbrögð er eftirfarandi færsla: „Hjartnæm og mikilvæg saga sem á erindi við okkur öll enda er geðheilbrigði eitthvað sem að snertir allar fjölskyldur.“ En þó áhorfendur tali margir um að sagan sé falleg er henni á sama tíma lýst sem ljótri, átakanlegri og erfiðri sögu sem sé umhugsunarverð fyrir alla. En sýningin *Vertu úlfur* fjallar um erfiða upplifun manns en er á sama tíma að ýta við bæði samfélaginu og kerfinu, þar sem víða virðist vera pottur brotinn. Greina má áherslur fólks á að efni sögunnar sé til þess fallið að auka skilning, hvetja til umburðarlyndis og vinna gegn fordómum. Þetta beinist að samfélaginu annars vegar og hins vegar að þeim sem vinna í geðheilbrigðiskerfinu. Í þessu samhengi setur einn áhorfandinn fram spurningu um það hversu illa manni þurfi að líða til þess að teljast veikur, en spurningin gæti falið í sér ákveðna ádeilu á kerfið. Nokkrar færslunnar tala einnig um hversu vel uppsetning og leikmynd hafi unnið með sýningunni og gert hana enn áhrifameiri. Einn færsluhöfundur segir: „... þar sem svo einfaldur og tær boðskapurinn verður næstum undarlega áhrifamikill.“ Þarna er verið að vísa í sjónræn áhrif leikmynda, lýsingar og hljóðheims. Mikill fjöldi minnst á frammistöðu Björns Thors í hlutverki úlfsins, sem þykir samkvæmt áhorfendum hafa staðið sig einstaklega vel. Héðni er að sama skapi gjarnan þakkað fyrir sitt framlag til samfélagsins og í þágu geðheilbrigðismála. Í flest öllum færslunum er einnig mælt til þess að enginn láti sýninguna fram hjá sér fara.

Greining ummæla um verkið *Saknaðarilmur* bar líkt og ummæli um *Vertu úlfur* þess greinileg merki að sýningin hefði hreyft við tilfinningum fólks. Áberandi var hversu sterkt áhorfendur upplifðu sýninguna og dæmi um slík ummæli eru: „Hvílík upplifun sem *Saknaðarilmur* er. Ástæðan fyrir því að maður sækir leikhús.“, „Almáttugur! Aldrei hef ég orðið fyrir eins miklum áhrifum í leikhúsi.“ og „Ég hef kannski aldrei orðið vitni að slíkum áhrifum leikverks á tilfinningar ...“. Samkvæmt færslunum í heild þá snerti sýningin marga strengi, áhorfendur fengu gæsaúð, hlógu, grétu og ef vitnað er í einn færsluhöfund þá spilaði sýningin á allt tilfinningarófið. Hér var einnig áberandi að áhorfendum þótti sagan vera mikilvægt umfjöllunarefni um þörf málefni sem löngu tímabært væri að fólk horfði í augu við og opnaði umræðu um. Þar er minnst á að erindið sé fullt af mennsku og nauðsynlegt sé að fækka leyndarmálum, ræða um áföll og skila skömminni.

Flestar manneskjur ef ekki allar missa einhvern tímunnar tökin eða tengjast náðið einstaklingum sem fara út af sporinu. Brotnar sálir eða brotnar fjölskyldur sem arfleifðin flytur á milli kynslóða, er munstur sem heldur áfram þar til einhver slítur keðjuna, segir frá og tekur á sig þjáninguna. Í þessu samhengi hrósa færsluhöfundur gjarnan Elísabetu Jökulsdóttur fyrir það hugrekki sem

hún sýndi með því að bæði skrifa sögur sínar og þora í framhaldinu að leyfa þeim að fara á svið. Sem áður sagði fóru áhorfendur í gegnum allt tilfinningarófið, margir tala um brjálæði, fegurð, hlátur og einn áhorfandi lýsir verkinu sem ófegruðum veruleika án tilgerðar, sem hafi haft mikil áhrif á viðkomandi. Þrátt fyrir að sýningin hafi tekið verulega á marga var hún greinilega einnig lærdómsrík og mannþætandi, eins og einn áhorfandinn segir: „Það var heldur ekki alveg áreynslulaust að horfa á söguna á sviði - það féllu fjölmörg tár en maður er samt einhvern veginn örlítið betri á eftir ...“. Sýningin þótti heilt yfir bæta samfélagsumræðuna, hvort heldur sem er fyrir einstaklinga eða fyrir fagfólk á heilbrigðissviði. Á einum stað er ákall til kerfisins og minnst á mikilvægi þess að almenningur hafi jafnan aðgang að sálfræðisþjónustu rétt eins og annarri heilbrigðisþjónustu. Þá fékk Unnur Ösp ófá hrós fyrir handritið og leik sinn á sviðinu en einnig fékk listræna teymi sýningarinnar hrós, því uppsetningin þótti vera afburða vel gerð. Ein færsla áhorfanda styður við þá greiningu en sá hefur orð á því að aðlögun bókar á svið hafi líklega aldrei verið eins vel útfærð.

6. UMRÆÐUR

Í þessum kafla verður farið yfir helstu niðurstöður rannsóknarinnar og þær ræddar í samhengi við fyrirliggjandi fræði og rannsóknarspurninguna. Jafnframt verður rýnt í hagnýtt gildi rannsóknarinnar og settar fram hugmyndir að frekari verkefnum þessu tengt. Rannsóknarspurning þessa verkefnis: *Hvaða áhrif hafa sjálfsævisögulegar frásagnir sem fjalla um tabú samfélagsins, á leikhúsgesti?* snéri að því að kanna hvaða erindi persónulegar sögur um flókin, erfið og jafnvel umdeild málefni, eiga við áhorfendur og samfélagið. Hvað er það við sögur af glímu annarra við erfiðleika lífsins sem vekur áhuga og hafa slíkar sögur einhvern tilgang og gildi fyrir fólk og/eða samfélagið í heild?

Aristóteles hélt því fram að skáldskapur fæli í sér listina að herma eftir lífinu, ekki endilega bókstaflega heldur frekar því sem gæti mögulega gerst. Að listsköpun sé nátengd framleiðslu afurða og annarra verðmæta fyrir samfélagið. Það þurfi ekki endilega að vera eitthvað áþreifanlegt heldur eitthvað sem hafi siðferðilegt og tilfinningalegt gildi. Þar kemur inn kenning Aristótelesar um kaþaris, sem snýst um að skáldskapur sem vekur upp tilfinningar eins og ótta og samkennd geti framkallað tilfinningalega hreinsun eða útrás og þar með losað áhorfendur undan erfiðum tilfinningum sem það burðast með. Skáldskapur geti með öðrum orðum haft áhrif á tilfinningar og hugarfar, geti því verið nytsamlegur, upplýsandi og fræðandi í þágu samfélags (*Um skáldskaparlistina*, 1997). Leikhúsið er staður fyrir listræna tjáningu og gegnir mikilvægu hlutverki í að móta og auðga menninguna. Leikhúsið getur endurspeglað samfélagið en er einnig áhrifaríkur miðill til að rýna í og vekja athygli á ýmsum samfélagslegum málefnum. Það er vettvangur þar sem fólk úr öllum áttum samfélagsins getur komið saman og deilt sameiginlegri upplifun, þó hver með sínu nefi.

Í viðtölunum sem lágu að baki rannsóknarinnar var leitast við að greina þær áherslur sem aðstandendur sýninganna lögðu upp með í sinni vinnu við verkin. Þar talar Unnur Ösp meðal annars um ástríðu sína til að breyta samfélaginu í gegn um listina og að leikhúsið geti og eigi að hafa áhrif á samfélagið. Með umræddum sýningum var markmið hennar að áhorfendur upplifðu eitthvað sem hefði raunveruleg áhrif og krefði fólk jafnvel á óþægilegan hátt til að takast á við eitthvað innra með sér. Hún talar um trú sína á að leiklistin geti verið andleg þerapía fyrir áhorfendur og auðgaði líf þeirra á endanum.

Meðal rannsóknargagna voru samfélagsmiðla færslur sem innihéldu umsagnir áhorfenda sýninganna *Vertu úlfur* og *Saknaðarilmur*, sem á var framkvæmd orðræðugreining. Niðurstöður greiningarinnar leiða í ljós að sýningarnar höfðu heilt yfir djúpstæð áhrif á áhorfendur og stórt hlutfall úrtaksins lýsti upplifun sinni með mjög tilfinningaþrungnu orðalagi. Viðbrögðin gefa til

kynna að sýningarnar hafi ekki aðeins skilað áhorfendum listrænni upplifun heldur einnig hafi þeir geta speglað sjálfa sig í tilfinningum og aðstæðum sögupersóna og skilaði sér í tilfinningalegri útrás. Þessi sterku viðbrögð styðja við kenningar um að leikhúsið geti vakið sterkar tilfinningar, verið fólki gagnlegt við úrvinnslu þeirra og haft áhrif sem ná út fyrir hefðbundna leikhúsupplifun.

Við þetta styðja hugrænu fræðin sem skoða meðal annars hvernig mannsheilinn skilur og bregst við skáldskap. Það er hvaða áhrifaþættir stýra því hvernig mismunandi einstaklingar skynja, túlka og upplifa t.d. lestur texta eða áhorf leikverks, á mismunandi hátt. Þar er blöndunarkenningin einna mikilvægust, en hún getur varpað ljósi á það hvers vegna einum einstaklingi líður á einhvern ákveðinn hátt við áhorf eða lestur, en annar einstaklingur upplifir eitthvað annað.

Hér er einnig vert að nefna hugmyndir um samlíðan innan hugrænna fræða, það er getuna til að setja sig í spor og jafnvel heimfæra raunir sögupersóna yfir á sjálfa sig. Mismunandi bakgrunnur og reynsla stýrir túlkun þeirra og tilfinningalegum viðbrögðum (Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, 2015, Guðrún Steinþórsdóttir, 2018). Í viðtökufræðinni sem er þessu nátengd, fjalla kenningar meðal annars um það hvernig merking verka stjórnast að miklu leiti af viðtakandanum sjálfum frekar en verkinu sem slíku. Höfundar geti því ekki gengið að því vísu að þeirra ætlan sé sú túlkun sem lesandi eða áhorfandi leggur í verkið (Jauss & Benzinger, 1970).

Bæði Unnur Ösp og Björn segja leikhúsið öflugt verkfæri til þess að vekja athygli á málefnum og opna umræður, því væri það tilvalinn vettvangur til að kom boðskap á framfæri. Unnur Ösp segir að bækur Héðins og Elisabetar hafi haft sterk áhrif á hana persónulega og í þeim fælist boðskapur sem ætti erindi til samfélagsins. Í sögunum fælist ögrun en líka mikill sannleikur sem krefði fólk bæði um að líta inn á við og til að horfast í augu við eigin fordóma. Þetta væru hvoru tveggja sögur um það hversu erfitt það getur verið að vera manneskja, en í þeim væri einnig mikil von og einhver heilandi máttur. Boðskapurinn með sýningunum felist í því sammannlega og að hvetja til umburðarlyndis. Björn Thors nefnir jafnframt að þær umræður sem þau hafa orðið áþreifanlega vör við í tengslum við verkefni sín, undirstriki mikilvægi lista í stóra samhenginu.

Skoðanir um áttatíu prósent þeirra sem rituðu færslur um sýningarnar á samfélagsmiðlum, settu til að mynda í orð að sýningin væri samfélagslegt gagn eða að efnið ætti erindi við allt samfélagið. Ummæli viðmælenda og þessi viðbrögð áhorfenda, styðja við kenningar sem fjallað er um hér að ofan um leikhúsið sem verkfæri í þágu fræðslu og samfélagslegra málefna.

Aðlögun er þekkt hugtak um það þegar flytja á fyrirliggjandi verk yfir á annað form. Sem dæmi um það eru útgefnar teiknimyndasögur í bókarformi, sem svo eru framleiddar sjónvarpsteiknimyndir upp úr. Þetta getur vissulega gengið í allar áttir, jafnvel aðlögun milli mismunandi tíma innan sama miðils, en líklegast er algengasta afbrigðið að bók verði að sjónvarpsefni. Aðlögun er

töluvert algeng og getur verið framkvæmd í fjárhagslegum tilgangi en einnig í listrænum tilgangi og jafnvel af einhverri hugsjón. Í leikhúsheiminum hefur löngum þekkt að eldri og sígild verk, bæði leikverk og bækur, séu aðlöguð að samtímanum. Það hefur þó verið áberandi, í það minnsta hérlendis að nýrri bækur séu settar upp á fjöllum leikhúsanna. Þegar kemur að slíkri aðlögun er eðli máls samkvæmt óhjákvæmilegt að gera ákveðnar breytingar, því texti úr bók er ekki unnin á sama hátt og handrit af leikverki. Einnig er um ólíka miðla að ræða sem hafa mjög ólíka eiginleika, eða eins og kenningin *sérstæða miðils* í aðlögunarfræðunum fjallar um (Hutcheon, 2013, bls. 10). Sú aðlögun sem á sér stað felur einnig í sér að sá sem skrifar handrit, sem og leikstjóri þurfa að hafa ákveðið frelsi til að nýta þá eiginleika sem þeirra miðill býr yfir og verður því útkoman þeirra túlkun á verkinu en ekki þýðing þess. Um þetta fjallar *höfundakenningin*, sem sennilega er sú umdeildasta í fræðunum og er náskyld kenningunni *tryggðargagnrýni* sem snýr að tryggð aðlagðs verks við upprunalegt verk (McFarlane, 2001).

Þegar kemur að aðlögunarferlinu talar Unnur Ösp um að aldrei hafi verið ætlunin að persónur sýninganna ættu að líkja eftir þeim Héðni og Elísabetu, en það hafi þó orðið raunin að einhverju leiti. Þó sérstaklega í tilfalli *Vertu úlfs*, sem hún vill meina að sé tilkomið annars vegar sökum þess hve áþekkir útlits Héðinn og Björn eru en einnig sé Björn mjög næmur listamaður sem hafi skynjað alla dýpt og tilfinningu í sögunni. Þetta sé þó mjög vandmeðfarið þegar um er að ræða svo persónulegt efni og fyrst og fremst hafi þau viljað gera þetta af virðingu og nærgætni við höfundana tvo og alla hlutaðeigandi.

Ætla má að þessi niðurstaða hafi gert það að verkum að áhorfendur tengdu enn meira við sögurnar, þar sem bæði Héðinn og Elísabet eru nokkuð þekktir einstaklingar í okkar litla samfélagi og margir kannast við bakgrunn þeirra. En örsamfélög eins og Ísland byggir mikið til á persónulegum tengslum. Slíkt samfélag býður ekki upp á mikla nafnleynd þar sem fólk hefur gjarnan meiri aðgang að upplýsingum um náungann og getur slík vitneskja ýtt undir forvitni og áhuga fólks hvert á öðru.

Um fram allt segir Unnur Ösp að hlutverk hennar sem höfundur leikgerðar og leikstjóra snúist um að ná fram þeim punktum sem kveikja áhuga og vekja upp samlíðan. Því lagði hún mikla áherslu á að velja með sér lífsreynt fólk sem hefði upplifað áföll og sársauka. Björn talar um að hlutverk leikhúsfólksins sé í raun þjónustuhlutverk við skáldin [í þessu tilviki Héðinn og Elísabet] og þar snúist verkefnið um að draga fram meiningu þeirra. Til þess hafi þau, utan leikinn sjálfan, ýmis verkfæri til áhrifa, svo sem hljóð, lýsingu og sviðsmyndina. Í því samhengi er vert að nefna þær aðstæður sem komu upp þegar setja átti *Vertu úlf* á svið, en heimsfaraldurinn varð til þess að sýningin var færð úr Kassarum yfir á Stóra svið Þjóðleikhússins. Þá breytingu segir Unnur Ösp hafa unnið með sýningunni og gert þeim kleift að ýta sjónrænt enn frekar undir myrkrið og einmanaleikann sem í sögunni felst. Að sama skapi hafi fólk á þessum tíma verið

berskjaldað og viðkvæmt sökum faraldursins, sem hún telur að hafi gert söguna enn áhrifameiri í hugum áhorfenda.

Ljóst er að ætlan leikverkahöfundar og aðstandenda sýninganna *Vertu úlfur* og *Saknaðarilmur* hafi verið marglaga. Þau vildu opna umræður og brjóta tabú, en um fram allt vekja fólk til umhugsunar og hvetja til samkenndar og sjálfsskoðunar. Öll höfum við einhverja fordóma, jafnvel þó við gerum okkur ekki alltaf fullkomlega grein fyrir því, en öll fræðsla og umræða hvetur til gagnrýnnar hugsunar. Leikhúsið hefur margvísleg hlutverk og þjónar ýmsum tilgangi fyrir samfélög, blöndu af listrænum, menningarlegum og félagslegum þáttum. Leikhúsið hefur jafnframt mörg tækifæri til að vekja athygli á samfélagslegum málefnum, sem í besta falli getur ýtt undir umburðarlyndi fólks gagnvart öðrum og jafnvel stutt við upprætingu fordóma. Í ljósi þess að sýningin *Vertu úlfur* var sýnd þrjú leikár í röð, þar af í tvö ár fyrir fullu húsi og sýningin *Saknaðarilmur* sem frumsýnd var í febrúar 2024, hefur verið sýnd fimmtíu sinnum fyrir fullum sal þegar þetta er skrifað í nóvember sama ár, er áhugi fyrir slíku efni greinilegur. Sýningarnar hafa báðar fengið töluverða umfjöllun í fjölmiðlum og samfélagsumræða um málefni sýninganna hefur verið áberandi. Ef við lítum til umsagna áhorfenda sem nálgast má á netmiðlum, má glögglega sjá að sýningarnar hafa áhrif og skipta máli. Til að gera breytingar þarf að vekja athygli og opna umræður, því orð eru til alls fyrst.

Þessar niðurstöður benda til þess að leikhúsið getur verið lykillinn að því að opna umræður um flókin og erfið málefni í samfélaginu. Stærri rannsókn framkvæmd með eigindlegum og meginndlegum rannsóknaraðferðum á meðan sýningu stendur og eftirfylgni að einhverjum tíma liðnum, gæfi betri upplýsingar um áhrif sambærilegra verka á áhorfendur. Áhugavert er að skoða hvernig halda mætti áfram að rannsaka og þróa leikhúsið sem tæki til fræðslu og samfélagsbreytinga. Að byggja upp fræðilega þekkingu og skilning á áhrifum lista hefur gildi fyrir samfélagið. Hér eru hugmyndir rannsakanda að efni sem vert væri skoða nánar:

- Viðtökur við leikverkum sem fjalla um viðkvæm samfélagsleg málefni eftir aldri, kyni, menntun og öðrum félagslegum þáttum áhorfenda, gæti aukið skilning á hvaða áhorfendahópar tengja helst við slík leikverk.
- Mismunandi áhrif listforma og hvernig nýta má listina til samfélagslegra áhrifa.
- Langtímaáhrif leikverka um viðkvæm málefni á samfélagið, með því að skoða breytingar á hegðun, líðan og viðhorfum áhorfenda.
- Samstarfsverkefni milli leikhúss og fræðimanna í þeim tilgangi að skapa leikverk sem miðla fræðslu og skilningi á samfélagslegum málefnum.

Að mati rannsakanda fæli slík þekking í sér aukin skilning á hvernig hagnýta mætti áhrif leikhússins og annarra lista til áhrifa í þágu samfélagsins.

7. HEIMILDASKRÁ

- Baim, C. (2020). *Staging the Personal: A Guide to Safe and Ethical Practice*. Springer International Publishing AG.
- Barthes, R. (1977). The death of the author (S. Heath, Þýð.). Í *Image, music, text: Essays* (13. [Dr.]). Fontana.
- Bergljót Soffía Kristjánsdóttir. (2015). *Hugraun: Nútímabókmenntir og hugræn fræði*. Bókmennta- og listfræðastofnun, Háskólaútgáfan.
- Derrida, J. (1997). *Of grammatology* (G. C. Spivak, Þýð.; Corrected ed). Johns Hopkins Univ. Press.
- Durkheim, É. (with Lukes, S.). (1982). *The rules of sociological method* (1. ed). The Free Press.
- Elísabet Kristín Jökulsdóttir. (2022). *Saknaðarilmur*. JPV útgáfa.
- Fauconnier, G., & Turner, M. (2003). *The way we think: Conceptual blending and the mind's hidden complexities* (1. paperback ed). Basic Books.
- Goodreads. (e.d.). <https://www.goodreads.com/>
- Gréta Sigríður Einarsdóttir. (2022, nóvember 20). *Erfiljóð um flókna konu og tómið*. RÚV. <https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/2022-11-20-erfiljod-um-flokna-konu-og-tomid>
- Guðrún Steinþórsdóttir. (2018). Samlíðan og sérfræðingar: Eigindlegar rannsóknir á viðbrögðum fólks við brotum úr sögum Vigdísar Grímsdóttur. *Ritið, 2018; 1*, 199–225. <https://ritid.hi.is/index.php/ritid/article/view/20/15>
- Henrysson, H. A. (2021, mars 10). *Hvað er samfélagsábyrgð? Vísindavefurinn*. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=76745>
- Hutcheon, L. (with O'Flynn, S.). (2013). *A theory of adaptation* (Second edition). Routledge.
- Jahn, M. (2010). *Routledge encyclopedia of narrative theory* (D. Herman, Ritstj.; Repr). Routledge.
- Jauss, H. R., & Benzinger, E. (1970). Literary History as a Challenge to Literary Theory. *New Literary History*, 2(1), 7. <https://doi.org/10.2307/468585>

Jórunn Sigurðardóttir. (2021, febrúar 26). *Aprílsólarkuldi – Elísabet Jökulsdóttir* [Fréttavefur]. RÚV. <https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/2021-02-26-aprilsolarkuldi-elisabet-jokulsdottir>

Kristín Björnsdóttir. (2022). *Rannsóknir—Handbók í aðferðafræði* (S. Halldórsdóttir, Ritstj.; 3. útg.). Háskólaútgáfan.

Leikhús hlaðvarpið. (e.d.). *Vertu úlfur – Óbeislaður lífskraftur. Héðinn Unnsteinsson í viðtali við Hrafnhildi Hagalín*. <https://leikhusid.is/frettir/vertu-ulfur-obeisladur-lifskraftur-hedinn-unnsteinsson-i-vidtali-vid-hrafnhildi-hagalín/>

McFarlane, B. (2001, janúar 1). Frá skáldsögu til kvikmyndar (G. Baldvinsson, Þýð.). *Ritið: tímarit Hugvísindastofnunar*. <https://timarit.is/gegnir/991005596089706886>

Oatley, K. (2012, október 1). Að skrifaoglesa (J. A. Andersen & S. M. Guðmundsdóttir, Þýð.). *Ritið: tímarit Hugvísindastofnunar, 2012* (3. tölublað: Hugræn fræði), 163–181.

Starfsfólk Þjóðleikhússins. (e.d.). Þjóðleikhúsið. <https://leikhusid.is/actors/unnur-osp-stefandsottir/>

Trausti Ólafsson. (2013). *Leikhús nútímans: Hugmyndir og hugsjónir*. Háskólaútgáfan.

Um skáldskaparlistina (K. Árnason, Þýð.; Önnur útgáfa). (1997). Hið Íslenska bókmenntafélag.

Vertu úlfur—Umsagnir. (e.d.). hedinn.org. <https://hedinn.org/umsagnir>